



Reykjavík, 30. apríl 2015

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara  
Sigurjón Mýrdal formaður  
Sólrún Harðardóttir starfsmaður  
Námsmatsstofnun  
Borgartúni 7a  
105 Reykjavík

## **Efni: Svör Kennarasambands Íslands við erindi fagráðs 17. febrúar 2015 um hlutverk, ábyrgð og skyldur KÍ á símenntun og starfsþróun kennara og skólástjórnenda.**

Eftirfarandi eru svör Kennarasambands Íslands við erindi fagráðs dagsett 17. febrúar 2015 þar sem KÍ er beðið að gera grein fyrir hlutverkum sínum, ábyrgð og skyldum á símenntun og starfsþróun kennara og skólástjórnenda.

Erindinu er svarað í nafni KÍ því símenntunar- og starfsþróunarmál kennara og skólástjórnenda eru hluti af sameiginlegri skólastefnu KÍ og aðildarfélaga og starf að skóla- og menntamálum fer annars vegar fram í skólamálaráði KÍ sem er sameiginlegur skólamálavettvangur KÍ og aðildarfélaga og hins vegar hjá skólamálanefndum einstakra aðildarfélaga.

Í samræmi við þetta fór umfjöllun um erindið bæði fram á miðlægum skólamálavettvangi KÍ og aðildarfélaga og á skólamálavettvangi einstakra aðildarfélaga.

### **1. Samantekt á helstu atriðum.**

KÍ, aðildarfélög og félagsmenn hafa ríkar skyldur til að fjalla um þróun náms og kennslu, náms- og starfsráðgjöf og skólástjórnun á hverjum tíma. Hagur skóla og skólastarfs og aðstæður til að rækja lögboðið starf sem samrýmist markmiðum um aðlaðandi og framsækið náms- og starfsumhverfi er mikilvægasta viðfangsefni kennarasamtakanna, skóla og samfélagsins í heild.

Hlutverk skólamálaráðs KÍ og skólamálanefnda aðildarfélaga samkvæmt lögum er að fara með mál sem tengjast faglegri menntun félagsmanna, vinna að eflingu kennaramenntunar og símenntunar og starfsþróunar þeirra. Ábyrgð og skyldur KÍ og aðildarfélaga á símenntun og starfsþróun félagsmanna felast einnig í að tryggja þeim aðstæður og fjármuni til að efla menntun sína og þekkingu.

Skólastarf tekur sífelldum breytingum og þarf kennarastéttin að hafa stöðug tækifæri til að uppfæra þekkingu sína og endurskoða starfshætti. Inntak og heildarskipulag kennaramenntunar þarf að taka mið af þessu. Horfa þarf á þrjú skref í starfsþróun hvers einstaklings, í fyrsta lagi grunnám til starfsréttinda sem lýkur með meistaragráðu, í öðru lagi móttöku og stuðning við kennara sem er að taka sín fyrstu skref í starfi og í þriðja lagi stöðug símenntun og starfsþróun alla starfsævina.

Aðildarfélög KÍ fylgja stefnu KÍ um símenntun og starfsþróun eftir í kjarasamningum sínum og í öðrum samskiptum við viðsemjendur, menntamálayfirvöld, kennaramenntunarstofnanir og aðra fagaðila. Skipulag símenntunar og starfsþróunar tengist kjarasamningum. Einnig getur það tengst ýmsum lögum og reglum um einstök skólastig og kjarasamningum eftir atvikum.

Símenntun og starfsþróun þarf bæði að svara þörfum einstaklinga og skóla. Kennarar, náms- og starfsráðgjafar og skólástjórnendur þurfa að hafa aðstöðu og möguleika til að velja sér sjálfir starfsþróun og símenntun samkvæmt þörfum og að sækja hana til fjölbreyttra fagaðila. Símenntun og

starfsþróun „sem sameiginlegt verkfæri hóps kennara eða skóla eða sveitarfélaga“ þarf einnig að vera fyrir hendi.<sup>1</sup> Það fyrirkomulag gerir kröfu um fjármögnun stjórnvalda og rekstraraðila.

Háskólar sem mennta kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnendur þurfi að vera virkari þátttakendur í samstarfi og samræðum við vettvanginn, miðla rannsóknum og aðferðum við starfsþróun og bjóða upp á menntun og fræðslu.

Félagsmenn og samtök þeirra taki þátt í stefnumótun um símenntun og starfsþróun, bæði heildstætt og á eigin starfsvettvangi.

Staða símenntunar og starfsþróunar kennarastéttarinnar er slök, litlum fjármunum er varið til hennar og aðstæður til að stunda símenntun og starfsþróun eru engan veginn ásættanlegar. Aðstöðumunur er eftir búsetu, skólum, greinum/námssviðum, aðildarfélögum KÍ og skólastigum. Stjórnvöld líta ekki á starfsþróun sem hluta af kjarnastarfsemi skóla heldur sem jaðarverkefni.

Fagráðinu og stýrihópnum þarf að auðnast að efla símenntun og starfsþróun kennarastéttarinnar, gera símenntunar- og starfsþróunartækifæri aðgengilegri, auka skilning stjórnvalda á að þörf er fyrir mikið átak í símenntun og starfsþróun stéttarinnar, fjármuni, áætlanagerð og markmiðssetningu til lengri tíma.

## **2. Hlutverk, ábyrgð og skyldur KÍ á símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda.**

KÍ bendir í upphafi á að í kennarasamtökunum eru þrjár meginhópar, kennarar, ráðgjafar og skólastjórnendur. Langflestir ráðgjafar eru náms- og starfsráðgjafar sem starfa í grunnskólum og framhaldsskólum, einnig er um að ræða starfsfólk á skóla- og fræðsluskrifstofum sveitarfélaga sem starfar aðallega við kennsluráðgjöf. Í umfjöllun um ráðgjafa er lögð áhersla á náms- og starfsráðgjafa.

KÍ, aðildarfélög og félagsmenn hafa ríkar skyldur til að fjalla um þróun náms og kennslu, náms- og starfsráðgjöf og skólastjórnun á hverjum tíma. Hagur skóla og skólustarfs og aðstæður til að rækja lögboðið starf sem samrýmist markmiðum um aðlaðandi og framsækið náms- og starfsumhverfi er mikilvægasta viðfangsefni, kennarasamtakanna, skóla og samfélagsins í heild.

Á vettvangi KÍ fer starf að símenntun og starfsþróun félagsmanna annars vegar fram í skólamálaráði KÍ sem er samstarfsvettvangur skólamálanefnda aðildarfélaga KÍ í skóla- og menntamálum og hins vegar innan skólamálanefndar hvers aðildarfélags. Skólamálaráð KÍ er meginvettvangur sameiginlegrar skólamálaumræðu í KÍ með tengingu við stjórnir aðildarfélaga og stjórn KÍ. Skólamálaráð hefur framkvæmdastjórn sem er skipuð formönnum skólamálanefnda aðildarfélaga, og er varaformaður KÍ formaður ráðsins.

Hlutverk skólamálaráðs KÍ og skólamálanefnda aðildarfélaga samkvæmt lögum er að fara með mál sem tengjast faglegri menntun félagsmanna, vinna að eflingu kennaramenntunar og símenntunar og starfsþróunar þeirra.

Ábyrgð og skyldur KÍ og aðildarfélaga á símenntun og starfsþróun félagsmanna felast einnig í að tryggja þeim aðstæður og fjármuni til að efla menntun sína og þekkingu.

Siðareglum kennara er ætlað að auka gildi kennarastarfsins, hjálpa kennurum að taka faglegar ákvarðanir og helga sig kennarastarfinu, skuldbindingar gagnvart eigin starfsþróun og sameiginlegri þróun skólans. Siðareglur eiga að vera mikilvæg lyftistöng fyrir fagmennsku kennara, sjálfsmynd og starfsánægju. KÍ leggur ríka áherslu á að kennarar hafi siðareglur að leiðarljósi í starfi sínu.

---

<sup>1</sup> Úr skjali Jóns Torfa Jónssonar fulltrúa HÍ í fagráði: *Rök fyrir nýrri hugsun í menntakerfinu um starfsþróun kennara og spurningar um útfærslu hennar.*

## **Kennarar**

Kennarar eru faglegir forystumenn og sérfræðingar í faggreinum/námssviðum, kennarafræðum og kennslu. Kennarar eiga og þurfa að:

- gera miklar faglegar kröfur til sín.
- fylgjast vel með nýjungum og þróun í sínum faggreinum/námssviðum og kennarafræðum.
- vera færir um að endurskoða námsefni og kennsluhætti, markmið og áherslur í ljósi þróunar, rannsókna, nýrra aðstæðna og taka þátt í breytingum í samræmi við lög, aðalnámskrár og skólanámskrár.
- sýna nemendum virðingu og umhyggju, vera þeim góð fyrirmynd og stuðla að menntun þeirra og þroska með fjölbreyttum og skapandi kennslu- og matsaðferðum, efla sjálfstæði og virkni í námi.
- vinna með samstarfsfólki á faglegan hátt og miðla öðrum af sérfræðipækkingu sinni bæði innan skólans og til samfélagsins.

## **Náms- og starfsráðgjafar**

Náms- og starfsráðgjafar þurfa eins og kennarar að starfa af fagmennsku og vera meðvitaðir um skuldbindingar sínar gagnvart eigin starfsþróun og sameiginlegri þróun skólans. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda og sinna þörfum þeirra með ráðgjöf um nám, persónuleg málefni og náms- og starfsval. Starf þeirra er fyrirbyggjandi, fræðandi og þroskandi. Þeir eiga að sýna nemendum virðingu, umhyggju og efla sjálfraði þeirra.

## **Skólastjórnendur**

Skólastjórnendur fara með faglega forystu um mótun og uppbyggingu skólastarfs í skólum landsins og gegna mikilvægu hlutverki í vexti og viðgangi þess. Þeir eru í forsvari fyrir innleiðingu nýjunga og breytinga og annast framkvæmd og útfærslu þeirra í skólastarfinu. Þeir fylgjast með framvindu þróunar- og umbótaverkefna í sínum skólum og sinna margvíslegum samstarfsverkefnum um skóla- og starfsþróun við aðra skóla og menntastofnanir hér á landi og erlendis. Þeir stuðla að jákvæðum samskiptum og trausti í starfsmannahópnum, styðja við kennara í starfi og hvetja þá til starfsþróunar, virkja mannauðinn og þróun hans. Þeir samhæfa störf kennara og annarra starfsmanna og vinna með þeim að því að byggja upp skólabrag þar sem velferð og vellíðan allra í skólanum er í fyrirrúmi.

Hér eru dregin fram þau atriði sem varða sérstaklega aðkomu skólastjórnenda í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og tónlistarskólum að símenntun og starfsþróun kennara.

Skólastjórnendur:

- finna leiðir til að efla skilning og ábyrgð kennara á eigin starfsþróun í tengslum við eigin þarfir, skólastefnu, skólaþróun og umbótaáætlanir skólans.
- veita kennslufræðilega leiðsögn og endurgjöf til starfsmanna.
- stuðla að því að efla hæfni kennara sem veita öðrum kennurum leiðsögn í starfi.
- fylgjast með áhrifum starfsþróunar kennara á nám og námsárangur nemenda og að kennarar byggi starfshætti sína á stöðu og framförum nemenda.

Auk þessa bera skólastjórnendur leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla ábyrgð á og hafa umsjón með að starfsþróun starfsmanna sé samkvæmt símenntunaráætlun skólans sem tengist þróunar- og umbótastarfi og áherslum skólans, sveitarfélags og aðalnámskrár. Þetta felur í sér að þeir gera símenntunaráætlun fyrir starfsmenn skólans sem stýrir að hluta símenntun og starfsþróun kennara. Kennarar gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða til að bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans og kynnir hana fyrir kennurum. Hlutverk skólastjórnenda er að hlutast til um að fjárhagsáætlanir skóla geri ráð fyrir því að þar rúmist fé svo hægt sé að framfylgja starfsþróunar- og umbótaráætlunum skólanna.

### **3. Stefna KÍ um símenntun og starfsþróun kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda.**

Í skólastefnu og skólamálasamþykktum KÍ og aðildarfélaganna koma fram áherslur í símenntunar- og starfsþróunarmálum kennarastéttarinnar, ríkjandi viðhorf, væntingar og skoðanir á helstu úrlausnarefnum varðandi kennaramenntun, símenntun og starfsþróun.

#### **Grunnmenntun til meistaraþrófs og skipulag**

- Kennaramenntun er ævimenntun og þarf að innihalda breitt svið: grunnmenntun til meistaraþrófs, vettvangsnám, leiðsögn í starfi, símenntun og starfsþróun, rannsóknir í starfi. Þessir þættir þurfa að mynda til samans stefnu um heildarskipulag menntunar kennarastéttarinnar.
- Kennaranám til meistaraþrófs þarf að vera skipulagt þannig að gott jafnvægi sé milli menntunar í faggreinum/námssviðum og kennarafræðum.
- Menntun er æviverk og þarf framboð á símenntun og starfsþróun við hæfi að vera nægilegt og í sífelldri þróun. Viðhald menntunar og þekkingar þarf að svara bæði þörfum einstaklinga og skólastarfs í heild.
- Starfsþjálfun kennaranema og nema í náms- og starfsráðgjöf á vettvangi þarf að vera veigamikill og lögbundinn hluti menntunar þeirra. Setja þarf í lög ákvæði um lágmarksvettvangsnám nema og auka fjárveitingar til vettvangsnáms.
- Skipulögð leiðsögn nýrra kennara í starfi þarf að vera formlegur hluti af heildarskipulagi kennaramenntunar.
- Kennaramenntun þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Koma þarf á viðurkenndu gæðakerfi til að meta kennaranám, vettvangsnám og leiðsögn í starfi.
- Tryggja þarf leiðsagnarkennurum viðeigandi þjálfun og handleiðslu.

#### **Rannsóknir**

- Félagsmenn skulu eiga þess kost að stunda rannsóknir á skólastarfi og skapa þarf þeim aðstæður til þess. Þeir skulu sýna frumkvæði og nýta tækifæri til rannsókna á eigin starfsvettvangi í samvinnu við samstarfsfólk og aðra fagaðila.
- Háskólar þurfa að safna saman upplýsingum um rannsóknir á skólastarfi á Íslandi og þær að nýtast betur til að efla og bæta skólastarf. Gera þarf áttak í því að kynna og gera aðgengilegan afrakstur þróunar- og nýbreytnistarfs í skólum.
- Auka þarf menntarannsóknir á öllum skólastigum og efla þátttöku Íslands í alþjóðlegum rannsóknum. Ýta þarf undir og auðvelda félagsmönnum þátttöku í menntarannsóknum.

#### **Þátttaka í stefnumótun**

- Félagsmenn og samtök þeirra taki þátt í stefnumótun um símenntun og starfsþróun, bæði heildstætt og á eigin starfsvettvangi.

#### **Starfsvettvangurinn - þarfir, stuðningur, aðstaða, framboð og fjölbreytni**

- Félagsmönnum ber að miða eigin símenntun og starfsþróun við faglega þróun, nýjungar, þarfir starfs síns og starfsemi skóla. Viðhald menntunar og þekkingar þarf að vera í samræmi við hugmyndir um fagmennsku og svara bæði þörfum einstaklinga og skólastarfs í heild.
- Stórauka þarf framboð á starfsþróun og símenntun og tryggja réttindi og möguleika til að stunda starfsþróun og símenntun jafnt á starfstíma skóla sem utan.
- Efla þarf hvatningu til að stunda símenntun og starfsþróun og framgangsmöguleika í starfi á grundvelli símenntunar og starfsþróunar. Meta þarf viðhald menntunar og þekkingar í faggreinum/námssviðum, kennarafræðum, vegna sérhæfðra kennsluhátta og aðferða, nýbreytni- og þróunarstarfa og aðra símenntun og starfsþróun, formlega sem óformlega.
- Innleiðing laga og aðalnámskráa krefst aukinnar símenntunar og starfsþróunar starfsmanna skóla. Kennarar, náms- og starfsráðgjafar og skólastjórnendur þurfa hvatningu og stuðning við þá sérfræðivinnu sem innleiðingin krefst. Skapa þarf skólum skilyrði til að útfæra aðalnámskrár miðað við aðstæður á hverjum stað og tryggja þeim fjármuni til innleiðingar.

- Tryggja þarf betur og auka fjárveitingar til símenntunar og starfsþróunar á öllum skólastigum sem og sérstakt fjármagn til skóla til að greiða fyrir afleysingar vegna fjarveru starfsmanna til að afla sér (sí)menntunar og starfsþróunar, kosta símenntun og starfsþróun vegna sérhæfðra kennsluhátta og aðferða og sameiginlegrar þróunar skólans. Réttur barna og ungmenna til að njóta kennslu, og starfsaðstæður kennara til að sinna símenntun og starfsþróun á starfstíma skóla, gera kröfu um að bætt verði úr því slæma ástandi sem nú ríkir í þessum efnun.
- Réttur til reglubundinna launaðra náms- og rannsóknarleyfa þarf að vera skýlaus og stórauka þarf fjármuni til þeirra.
- Skilgreina þarf lágmarks- eða grunnrétt til að afla sér grunnmenntunar til meistaraþrófs, símenntunar, starfsþróunar, framhaldsmenntunar og til námsorlofa. Slíkar skilgreiningar þurfa að varða bæði fjárhagslegu hliðina og aðstöðu til að sækja sér (sí)menntun og starfsþróun.
- Gera þarf starfandi kennurum, náms- og starfsráðgjöfum og skólastjórnendum kleift að afla sér frekari menntunar á launum samhliða kennslu til að ljúka meistaraþrófi.
- Gera þarf kennurum, náms- og starfsráðgjöfum og skólastjórnendum kleift að stunda framhaldsnám á launum samhliða starfi og tryggja þeim aðgang að slíku námi á háskólastigi. Fjölbreyttar leiðir til símenntunar og starfsþróunar þurfa að vera fyrir hendi, m.a. í framhaldsnámi í háskólum og önnur símenntun og starfsþróun.
- Kennarar, náms- og starfsráðgjafar og skólastjórnendur skulu eiga kost á leiðsögn, ráðgjöf og handleiðslu í starfi.
- Félagsmenn skulu eiga rétt á reglulegum starfsþróunarviðtölum á vinnustöðum sínum.

#### **4. Skipulag símenntunar og starfsþróunar.**

Aðildarfélag KÍ fylgja stefnu KÍ um símenntun og starfsþróun kennarastéttarinnar eftir í kjarasamningum sínum og í öðrum samskiptum þeirra við viðsemjendur, menntamálayfirvöld, kennaramenntunarstofnanir og aðra fagaðila. Hér er gerð grein fyrir hvað kjarasamningar aðildarfélaga KÍ segja um skipulag símenntunar og starfsþróunar kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólum og framhaldsskólum. Þar sem skipulag símenntunar og starfsþróunar getur einnig tengst ýmsum lögum og reglum einstakra skólastiga og kjarasamningum eftir atvikum, er jafnframt komið inn á þau atriði. Þar að auki hafa reglur endurmenntunarsjóða aðildarfélaga KÍ áhrif á skipulag símenntunar og starfsþróunar. Ekki er fjallað um þau atriði hér heldur vísað til skýrslunnar „*Starfsþróun kennara, greining á sjóðaumhverfi*“, desember 2014.

#### **Endurmenntunarsjóðir aðildarfélaga KÍ**

Í öllum kjarasamningum aðildarfélaga KÍ er samið um framlög vinnuveitenda til endurmenntunarsjóða aðildarfélaga sem er 1,72% af mánaðarlegum dagvinnulaunum hvers félagsmanns. Hlutverk sjóðanna er að tryggja fjárhagslegan grundvöll símenntunar og starfsþróunar einstaklinga og hópa, styðja við símenntun og starfsþróun og auka tækifæri þeirra til símenntunar og starfsþróunar.

Endurmenntunarsjóðir aðildarfélaga KÍ eru meginstoð aðstöðu og möguleika kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda til símenntunar og starfsþróunar í starfi.

#### **Kjarasamningar, lög og reglur**

Hér er gerð grein fyrir hvað kjarasamningar aðildarfélaga KÍ segja um skipulag símenntunar og starfsþróunar félagsmanna. Varpað er ljósi á hvort þeir feli í sér skilgreiningar á starfsþróun, ákvæði um starfsþróunarsamtöl, starfsþróunaráætlanir, skilgreindan tíma og umbun/hvatningu til starfsþróunar, ákvæði um kostnað vegna starfsþróunar á vegum skóla og um námsleyfi. Einnig er fjallað um hvort fyrir hendi sé miðlægur sjóður eða miðlægt skilgreindir fjármunir fyrir einstök skólastig sem skólar, sveitarfélög og aðrir aðilar sem hyggjast standa fyrir símenntun og starfsþróun starfsmanna skóla geta sótt um styrki í.

## Leikskóli

- a) Skilgreining á starfsþróun: Í kjarasamningi leikskólakennara og kjarasamningi leikskólastjórnenda er eftirfarandi skilgreining á starfsþróun: „*Starfsmaður ber ábyrgð á að viðhalda þekkingu sinni og færni með þátttöku í ráðstefnum, sí- og endurmenntunarnámskeiðum, viðurkenndu framhaldsnámi og með eigin starfsþróunaráætlun.*“
- b) Starfsþróunarsamtal: Í kjarasamningi leikskólakennara og kjarasamningi leikskólastjórnenda er eftirfarandi um starfsþróunarsamtöl: „*Starfsmaður á rétt á starfsþróunarsamtali árlega þar sem farið er yfir starfslýsingu, frammistöðu, markmið og hugsanlegar breytingar á störfum og rætt um starfið, væntingar, samstarf, samráð og starfsanda á vinnustað. Þá skulu einnig ræddar þarfir og óskir starfsmanns til þjálfunar og fræðslu.*“
- c) Starfsþróunaráætlunir: Í kjarasamningi leikskólakennara og kjarasamningi leikskólastjórnenda er eftirfarandi um starfsþróunaráætlun: „*Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og leikskólastjóra (stjórnanda) að bæta/auka fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun starfsmanna skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun leikskólans/stofnunar og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla/stofnunar. Stjórnandi getur ákveðið að einstakir starfsmenn eða starfsmannahópar sækji skilgreinda fræðslu. Vinna skal starfsþróunaráætlun í sérhverjum leikskóla/stofnun sem staðfest skal af sveitarstjórn/leikskólanefnd. Þessi vinna skal unnin undir forystu leikskólastjóra/forstöðumanns.*“
- d) Skilgreindur tími til símenntunar og starfsþróunar: Enginn skilgreindur tími til símenntunar og starfsþróunar er í kjarasamningi leikskólakennara og í kjarasamningi leikskólastjórnenda.
- e) Umbun/hvatning vegna þátttöku í símenntun og starfsþróun: Í kjarasamningi leikskólakennara eru ákvæði um að leikskólakennari með leyfisbréf og sem ráðinn er í fast starfshlutfall og tekur virkan þátt í starfsþróunaráætlun og viðheldur þekkingu sinni og færni fái hærri launaröðun en ella.
- f) Starfsþjálfun á vegum stofnunar: Í kjarasamningi leikskólakennara og kjarasamningi leikskólastjórnenda er ákvæði um að þeir starfsmenn sem sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið skv. beiðni stofnunar sinnar skulu halda reglubundnum launum á meðan og fá greiddan kostnað. Ef fræðsla og þjálfun eru sótt samkvæmt símenntunaráætlun eða að ósk yfirmanns utan dagvinnutímabils skal greidd yfirvinna.
- g) Námsleyfi: Í kjarasamningi leikskólakennara og kjarasamningi leikskólastjóra eru heimildarákvæði um veitingu launaðra námsleyfa.

Ekki er fyrir hendi miðlægur sjóður eða miðlægt skilgreindir fjármunir fyrir leikskóla sem leikskólar, sveitarfélög og aðrir aðilar geta sótt um styrki í sem hyggjast standa fyrir símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda í leikskólum.

Í skýrslunni „*Starfsþróun kennara, greining á sjóðaðumhverfi*“, desember 2014 kemur fram að fjárhagslegur stuðningur sveitarfélaga við símenntunar- og starfsþróunarmál í leikskólum fram yfir kjarasamnings- og lögbundnar skyldur er með mjög mismunandi hætti eftir stærð, fjárhag og stað.

## Grunnskóli

- a) Skilgreining á starfsþróun: Í kjarasamningi grunnskólakennara og kjarasamningi skólastjóra í grunnskólum er eftirfarandi skilgreining á starfsþróun: „*Starfsmaður ber ábyrgð á að viðhalda þekkingu sinni og færni með þátttöku á ráðstefnum, sí- og starfsþróunarnámskeiðum, viðurkenndu framhaldsnámi og með eigin starfsþróunaráætlun.*“ ... „*Starfsþróun (kennara) má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennarar/starfsmaður metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.*“
- b) Starfsþróunarsamtal: Í kjarasamningi grunnskólakennara og kjarasamningi skólastjóra í grunnskólum er eftirfarandi um starfsþróunarsamtöl: „*Gert er ráð fyrir að grunnskóli setji fram starfsþróunaráætlun fyrir starfsmenn sína árlega til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna.*“ ... „*Starfsmaður á rétt á starfsþróunarsamtali árlega þar sem farið er yfir starfslýsingu, frammistöðu, markmið og hugsanlegar breytingar á störfum og rætt um*

starfið, væntingar, samstarf, samráð og starfsanda á vinnustað. Þá skulu einnig ræddar þarfir og óskir starfsmanns til þjálfunar og fræðslu.“

- c) Starfsþróunaráætlanir: Í kjarasamningi grunnskólakennara og kjarasamningi skólustjóra í grunnskólum er eftirfarandi um starfsþróunaráætlun: „Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólustjóra/stjórnanda að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara/starfsmanna skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólustjóri/stjórnandi getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar/starfsmenn eða starfsmannahópar sæki skilgreinda fræðslu. Með sveigjanlegu starfi og lokum skólustarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt símenntun í auknu mæli á starfstíma skóla. Símenntun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólustjóra.“ ... „Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun og skal hún kynnt kennurum/starfsmönnum. Skólustjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu. Endanleg ákvörðun er í höndum skólustjóra.“
- d) Skilgreindur tími til símenntunar og starfsþróunar: Í kjarasamningi grunnskólakennara markast skilgreindur tími til starfsþróunar af samningsbundnum 150 (126/102) klst á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun sem hluti af 150 (126/102) klst er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla eftir nánara samkomulagi við kennara. Orlofsréttur viðkomandi einstaklings hefur áhrif á tímafjöldann. Ef tími til endurmenntunar er færður yfir á starfstíma skóla reiknast álag á tímann.
- e) Umbun/hvatning vegna þátttöku í símenntun og starfsþróun: Í kjarasamningi grunnskólakennara eru ákvæði um að starfsmaður sem tekur virkan þátt í starfsþróunaráætlun og viðheldur þekkingu sinni og færni fái hærri launaröðun en ella.
- f) Starfsþjálfun á vegum stofnunar: Í kjarasamningi grunnskólakennara er ákvæði um að námskeið sem eru haldin skv. starfsþróunaráætlun skóla séu kennurum að kostnaðarlausu.
- g) Námsleyfi: Samkvæmt lögum um grunnskóla greiða sveitarfélög 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólustjóra í námsleyfasjóð. Árið 2012 var fjöldi úthlutaðra námsleyfa samtals 35, þar af tvö til sex mánaða. Einnig úthlutar Verkefna- og námsstyrkjasjóður FG og SÍ námslaunum og var tíu námslaunum úthlutað árið 2012.

Sveitarfélög, skólaskrifstofur, grunnskólar, símenntunarstofnanir, félög, fyrirtæki og aðrir sem hyggjast standa fyrir símenntun og starfsþróun kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólustjórnenda í grunnskólum geta sótt um styrki í Endurmenntunarsjóð grunnskóla. Árið 2012 úthlutaði sjóðurinn 34 milljónum kr. í þessu skyni og fjöldi úthlutana var samtals 192. Sjóðurinn starfar sem sjálfstæð deild undir stjórn Námsleyfasjóðs grunnskóla, sem í eru fulltrúar SÍ, FG og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í skýrslunni „Starfsþróun kennara, greining á sjóðaumhverfi“, desember 2014 kemur fram að fjárhagslegur stuðningur sveitarfélaga við símenntunar- og starfsþróunarmál í grunnskólum fram yfir kjarasamnings- og lögbundnar skyldur er með mjög mismunandi hætti eftir stærð, fjárhag og stað.

### Tónlistarskóli

- a) Skilgreining á starfsþróun: Skilgreining á starfsþróun er ekki til staðar í kjarasamningi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.
- b) Starfsþróunarsamtal: Ekki eru ákvæði um starfsþróunarsamtöl í kjarasamningi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Í tengslum við framkvæmd á kjarasamningsákvæði um viðbótarlaun vegna umfangs starfs, ábyrgðar, álags og færni er þó gert ráð fyrir starfsmannasamtölum og hafa starfsmannasamtöl í tónlistarskólum færst í vöxt því samhliða.
- c) Starfsþróunaráætlanir: Í kjarasamningi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum er kveðið á um eftirfarandi: „Hver tónlistarskóli skal setja sér í skólanámskrá áætlun um endur- og símenntun

*tónlistarskólakennara. Námskeið skulu tengjast störfum tónlistarskólakennarans og nýtast honum í starfi.“*

- d) Skilgreindur tími til símenntunar og starfsþróunar: Í kjarasamningi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum er afmarkaður sá tími sem fara skal til starfsþróunar utan starfstíma skóla. „*Þeim tíma sem vantar upp á fulla vinnuskyldu skal varið til undirbúnings- og símenntunar að hámarki 150 klst., utan starfstíma skóla.“*
- e) Umbun/hvatning vegna þátttöku í símenntun og starfsþróun: Í kjarasamningi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum er ákvæði um hærri launaröðun kennara vegna símenntunar. Forsenda launaflokkahækkunar er staðfest þátttaka í símenntunaráætlun skóla.
- f) Starfsþjálfun á vegum stofnunar: Námskeið og fræðsla skv. áætlun skóla um endur- og símenntun skal vera kennurum að kostnaðarlausu.
- g) Námsleyfi: Ekki er ákvæði um launuð námsleyfi í kjarasamningi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Starfsmenntunarsjóður tónlistarskólakennara hefur úthlutað námslaunum nánast árlega. Einungis er um að ræða eitt til tvö stöðugildi á ári. Árið 2012 veitti sjóðurinn fimm námslaun í fjóra til tólf mánuði.

Ekki er fyrir hendi miðlægur sjóður eða miðlægt skilgreindir fjármunir sem tónlistarskólar, sveitarfélög og aðrir aðilar geta sótt um styrki í sem hyggjast standa fyrir símenntun og starfsþróun kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.

Í skýrslunni „*Starfsþróun kennara, greining á sjóðaumhverfi*“, desember 2014 er gerð grein fyrir fjárhagslegum stuðningi sveitarfélaga við símenntunar- og starfsþróunarmál í skólum þeirra fram yfir kjarasamnings- og lögbundnar skyldur og er hann með mismunandi hætti eftir stærð, fjárhag og stað. Í upplýsingunum er fjárhagslegur stuðningur við starfsþróunarmál í tónlistarskólum sjaldan tekinn fram sérstaklega.

### **Framhaldsskóli**

- a) Skilgreining á starfsþróun: Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla annast kennarar, taka þátt í og bera m.a. ábyrgð á að viðhalda faglegrri hæfni sinni og huga að tengslum við aðrar námsgreinar.
- b) Starfsþróunarsamtal: Ekki eru ákvæði um starfsþróunarsamtöl í kjarasamningi framhaldsskólans. Það færast þó í vöxt að haldin séu starfsmannasamtöl í skólunum.
- c) Starfsþróunaráætlanir: Ekki eru ákvæði um starfsþróunaráætlanir í kjarasamningi framhaldsskólans.
- d) Skilgreindur tími til símenntunar og starfsþróunar: Samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi framhaldsskólans hafa kennarar 80 klukkustundir á ári af árlegum vinnutíma utan starfstíma skóla til endurmenntunar eða undirbúnings kennslu eftir atvikum. Samkvæmt sama kjarasamningi hafa náms- og starfsráðgjafar og skólastjórnendur í framhaldsskólum einnig 80 klukkustundir á ári af árlegum vinnutíma utan starfstíma skóla til endurmenntunar. Í sama kjarasamningi segir að stjórnendur skulu eiga rétt á að umbúnaður um starf þeirra sé með þeim hætti að þeir geti nýtt sér þennan tíma, takist ekki skóla að tryggja stjórnendum umsaminn endurmenntunartíma ber að greiða yfirvinnu fyrir þá tíma sem vantar upp á fullar 80 stundir. Í sama kjarasamningi er lögð áhersla á að framhaldsskólar búi um vinnutíma náms- og starfsráðgjafa með þeim hætti að gætt sé að öllum þáttum starfs þeirra í vinnutímaramma sem skólar setji sér og náms- og starfsráðgjöfum sem taki til dreifingar vinnuþátta þeirra innan ársins. Kennarar, náms- og starfsráðgjafar og skólastjórnendur hafa full yfirráð yfir umræddum 80 klukkustundum til símenntunar og starfsþróunar.
- e) Umbun/hvatning vegna þátttöku í símenntun og starfsþróun: Frá 2001 hafa kjarasamningar framhaldsskólans ekki falið í sér miðlæg ákvæði um mat á símenntun og starfsþróun til launa. Í kjarasamningum sem þá voru gerðir var tekið upp dreifstýrt launakerfi í framhaldsskólum eins og er hjá ríkisstofnunum. Það er hlutverk samstarfsnefndar í hverjum skóla að gera stofnanasamning um launaröðun félagsmanna KÍ sem þar starfa. Misjafnt er í stofnanasamningum skóla hvort og hvernig símenntun og starfsþróun er metin til launa.
- f) Starfsþjálfun á vegum stofnunar: Samkvæmt ákvæðum kjarasamnings framhaldsskólans er skólum heimilt annað hvert ár að skipuleggja námskeið eða fræðslustarfsemi fyrir kennara



utan árlegs starfstíma skóla í allt að tvær vikur og nýta til þess þær 80 klukkustundir sem kennarar hafa til endurmenntunar utan árlegs starfstíma. Algengt er einnig að framhaldsskólar noti hluta af fjögurra daga vinnuskyldu kennara sem er utan og aðliggjandi starfstíma framhaldsskóla til undirbúnings að hausti og frágangs að vori til fræðslu fyrir kennara.

Námskeið og fræðsla á vegum skóla skal vera kennurum að kostnaðarlausu.

- g) Námsleyfi: Á grundvelli ákvæða framhaldsskólalaga um námsorlof, reglugerðar og kjarasamnings framhaldsskóla er samið um fjölda ársverka til námsorlofa félagsmanna KÍ í framhaldsskólum. Fjármunir eru tilgreindir í fjárlögum hvers árs. Árið 2012 var fjöldi ársverka námsorlofa samtals 35, úthlutað var samtals 38 námsorlofum, þar af sex hálfum orlofum.

Í Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF) eru fimm fulltrúar, einn frá menntamálaráðuneyti, tveir frá FF, einn frá skólameisturum og einn frá háskólastiginu. SEF skipuleggur og styrkir starfsþróun framhaldsskólakennara, svo sem fagtengd sumarnámskeið í samstarfi við faggreinafélög, starfstengt nám fyrir hópa ákveðinna kennslugreina og einstaklinga til að sækja fagtengd námskeið. Einnig geta framhaldsskólar sótt um styrki til að halda fagtengd námskeið eða gestafyrirlestra og til að senda kennara á námskeið. Sömuleiðis geta faggreinafélög framhaldsskólakennara sótt um styrk fyrir einn til tvo stjórnarmenn til að sækja ráðstefnu eða námskeið erlendis og til fyrirlestrahalds. Fjármunir til SEF eru á fjárlögum hvers árs. Árið 2012 var framlag til SEF kr. 33 milljónir og voru kr. 40,5 milljónir til úthlutana.

## **5. Starf að eflingu símenntunar og starfsþróunar kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda – og mál sem eru á döfnni.**

Það er meginhlutverk skólamálaráðs KÍ og skólamálanefnda aðildarféлага samkvæmt lögum að fara með mál sem tengjast faglegru menntun félagsmanna, vinna að eflingu kennaramenntunar og símenntunar og starfsþróunar þeirra. Hér er gerð grein fyrir starfi KÍ og aðildarféлага að þessu og samstarfi við viðsejndur, menntamálayfirvöld, kennaramenntunarstofnanir og aðra fagaðila, þar sem það er fyrir hendi.

### **Félög kennara og skólastjóra í leikskólum**

Skólamálanefnd Félags leikskólakennara hefur með samstarfi við Endurmenntun HÍ, (EHÍ), RannUng og fleiri fagaðila reynt að stuðla að auknu framboði á símenntun og starfsþróun fyrir kennara. Innifalið í samstarfi félagsins við EHÍ er að kanna með reglubundnum hætti áhuga og þarfir leikskólakennara fyrir símenntun og starfsþróun og reyna að koma til móts við þetta með námskeiðum og fræðslu.

Félag leikskólakennara hefur góða reynslu af samstarfi við EHÍ og því hefur félagið mikinn áhuga á að auka samstarf við símenntunarmiðstöðvar allra háskóla hér á landi. Það er m.a. ein af áherslum skólamálanefndar félagsins þetta tímabil að reyna að koma samstarfi á við fleiri háskóla og aðra fagaðila sem bjóða fram námskeið fyrir kennara. Félagið hefur hafið samstarf við Háskólann á Bifröst og áform eru um aukið samstarf við Menntavísindasvið HÍ og Miðstöð skólaþróunar HA. Félagið mun í samstarfi við EHÍ standa fyrir nokkrum námskeiðum fyrir leikskólakennara núna í vor og næsta haust. Í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ, Rannsóknarstofu um náttúrufræðimenntun (RAUN) og Samtök líffræðikennara stóð félagið nýverið fyrir málþingi um náttúrufræðimenntun. Í samstarfi við Háskólann á Bifröst verða haldin tvö námskeið núna í maí fyrir deildarstjóra og sérkennslustjóra í leikskólum. Þá hefur samstarf félagsins við rannsóknarstofur háskólanna verið farsælt.

Skólamálanefnd Félags leikskólakennara á mjög gott samstarf við ýmsa faghópa kennara og kemur að viðburðum á þeirra vegum með ýmsum hætti. Faghópar kennara eru öflugir í að bjóða upp á margskonar símenntun og starfsþróun fyrir kennara og mætti sjá fyrir sér að styðja í auknum mæli við starfsemi þeirra. Þá mætti einnig hvetja faghópana til meira samstarfs sín á milli. Faghópur um skapandi leikskólastarf býður upp á mánaðarlegan viðburð í mismunandi leikskólum, þar sem áhersla er á skapandi starf út frá ákveðnum námssviðum leikskólans. Þetta eru fjölmennir viðburðir og vel heppnaðir. Faghópur leikskólasérkennara stendur einnig fyrir árlegum námskeiðsdegi.

Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla í samstarfi við fleiri aðila hafa áform um að vekja sérstaklega athygli á karlmönnum í yngribarnakennslu. Áformaður er morgunverðarfundur í október 2015 og ráðstefna í febrúar 2016 um þetta efni.

Einnig hafa félögin og Samband íslenskra sveitarfélaga starfað saman að kortlagningu á framtíðarsýn allra aðila á leikskóla framtíðarinnar. Samræður eru milli kennara og skólastjórnenda í leikskólum hvernig þessar upplýsingar verða nýttar.

Skólastjórnendur í leikskólum sjá sjálfir um eigin símenntun og starfsþróun með því að sækja námskeið, fyrirlestra, námstefnur og ráðstefnur. Skólamálanefnd Félags stjórnenda leikskóla stendur árlega fyrir ráðstefnum, námstefnum og fyrirlestrum fyrir félagsmenn. EHÍ gerir könnun að beiðni leikskólastjóra á þörfum félagsmanna fyrir símenntun og starfsþróun og gerir EHÍ tilboð í námskeið út frá því. Einnig hefur verið rætt við SNS um að útbúa fræðslu t.d. á sviði stjórnsýslulaga.

Stjórnendafélögin í KÍ hafa líka átt samstarf um könnun á þörf og vilja félagsmanna og fengið tilboð frá háskólunum um námskeið á grundvelli niðurstaðna.

### **Félög kennara og skólastjóra í grunnskólum**

Félag grunnskólakennara hefur ekki átt fast samstarf við aðra fagaðila um símenntun og starfsþróun kennara.

Í áætlun Skólastjórafélags Íslands um kjarabætur næstu 10 árin er gert ráð fyrir að samið verði um fjölgun námsleyfa. Eitt af meginmarkmiðum framtíðarsýnar og stefnu félagsins 2013-2016 er að efla faglega starfsþróun skólastjórnenda á sem fjölbreyttastan hátt. Má þar nefna framboð, stuðning, jafningjafraðslu, námskeið og fleira.

Stofnaður var samstarfsvettvangur stjórnendafélaga innan KÍ árið 2012 til að vinna að starfsþróun og símenntun skólastjórnenda. Gerð var þarfakönnun meðal félagsmanna SÍ, FSL, FS og stjórnenda innan FT í mars 2013. Í framhaldi af niðurstöðum þeirrar könnunar var óskað eftir tilboðum frá Menntavísindasviði HÍ, Miðstöð skólaþróunar HA, Háskólanum í Reykjavík og Endurmenntun HÍ í starfsþróun skólastjórnenda á öllum skólastigum og skólagerðum. Sett var upp vefsíða með tilboðum, sjá nánar á [heimasíðu KÍ](#). Skólaárin 2013-2014 og 2014 – 2015 hefur verið boðið upp á starfsþróun og símenntun frá öllum háskólunum þar á meðal háskólanum á Bifröst. Nú er ætlunin að virkja upplýsingaveitu fagráðs til að halda áfram með að þróa og byggja upp tilboð og hugmyndir fyrir skólastjórnendur um starfsþróun og símenntun.

Á árunum 2012-2013 var unnið að því að efla samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að auka samstarf og samræður á milli skólastjórnenda og sveitarfélaga og að skapa traust og aukið og gagnvirkt upplýsingastreymi á milli skólastjórnenda og sveitarstjórnarmanna um sameiginleg mál. Sérstaklega var sjónum beint að starfsþróun stjórnenda og hvernig Skólastjórafélag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga gætu unnið sameiginlega að þeim málum. Afrakstur þeirrar vinnu var m.a. sameiginleg námstefna sem haldin var á Akureyri í október 2012.

Vorið 2013 voru haldin átta námskeið um allt land á vegum Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við menntamálaráðuneytið um rétta málsmeðferð – öruggt skólastarf. Vorið 2014 voru síðan haldin önnur átta námskeið um allt land á vegum Skólastjórafélags Íslands, Félags stjórnenda leikskóla og Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur um rétta málsmeðferð, stjórnsýslulög, ráðningarmál, uppsagnir og starfsmannasamtöl. Markmið námskeiðanna var að efla þekkingu þátttakenda á inntaki stjórnsýslureglna svo þeir geti beitt þeim af öryggi, greint hvenær stjórnsýslulög eiga við og hvernig þeir almennt fylgi góðum stjórnsýsluháttum hvað varðar mannauðsmál og starfsmannastjórnun.

Námstefna skólastjórnenda er haldin árlega þar sem er lögð áhersla á að efla starfsþróun skólastjórnenda með því að fá til landsins viðurkennda menntafrömuði sem vakið hafa athygli og fengið viðurkenningu fyrir störf sín. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að vekja athygli á innlendum

fræðimönnum í menntunarfræðum og frá kynningu á meistaraverkefnum sem skólastjórnendur í framhaldsnámi hafa unnið að.

Skólastjóraráfélagið hefur staðið fyrir námskeiði fyrir nýja skólastjórnendur sem hófst haustið 2014 með tveggja daga staðlotu, tveir námskeiðsdagar voru síðan á vorönn. Markmið námskeiðsins var að styðja við og efla nýja skólastjórnendur í starfi. Helstu áhersluatriði á námskeiðinu voru forysta og leiðtogaferni, kennslufræðileg forysta og stefnumótun, árangursrík samtalstækni og frammistöðusamtöl, stjórnsýslulög hvað varðar grunnskólalög og reglugerðir og starfsmannamál. Kynningar voru haldnar á Skólastjóraráfélaginu, Kennarasambandinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fjármála og rekstraráætlunum og stoðþjónustu.

Skólastjóraráfélagið ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur staðið fyrir átta námskeiðum á vorönn 2015 fyrir skólastjórnendur um vinnumat í grunnskólum og innleiðingu þess. Markmið námskeiðanna er að efla faglega og kennslufræðilega forystu skólastjórnenda við innleiðingu og framkvæmd vinnumats kennara.

### **Félag kennara og skólastjóra í tónlistarskólum**

Frá árinu 2003 hefur FT í samstarfi við Samtök tónlistarskólastjóra (STS) staðið fyrir svæðisþingum tónlistarskóla sem haldin eru á sex stöðum út um land. Þingin eru faglegur vettvangur þar sem tekin eru fyrir málefni sem efst eru á baugi hverju sinni. Svæðisþingin eru mikilvægur vettvangur til að efla faglega umræðu meðal kennara og stjórnenda, stuðla að auknu upplýsingaflæði, samráði og samstarfi milli ýmissa hópa, efla fræðlustarfsemi og námskeiðahald, miðla upplýsingum um þróun tónlistarfræðslu, fagleg málefni og skólamál.

Meginmarkmið svæðisþinganna er að styrkja starfsstéttina, efla fagvitund og fagmennsku, stuðla að bættri tónlistarkennslu og styrkja undirstöður tónlistarskóla sem mennta- og menningarmiðstöðva um land allt.

Efniviður úr starfi FT sem byggir á skilgreindu hlutverki þess, samkvæmt félagslögum, nýtist sem grunnur að efnistöðum á svæðisþingunum, sem eru eftir atvikum í formi fyrirlestra, hópavinnu, námskeiða, samræðu, kynninga (á t.d. niðurstöðum kannana/rannsókna), frásögnum frá skólaheimsóknum o.fl.

Skilgreint hlutverk Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) samkvæmt lögum félagsins felur í sér starfsþætti sem tengjast sviði símenntunar og starfsþróunar með óbeinum hætti.

a) Þar má nefna lykilverkefni svo sem að:

- afla og miðla upplýsingum um þróun tónlistarfræðslu sem og fagleg málefni er varða tónlistarskóla,
- efla samstarf við samtök og stofnanir hér á landi og erlendis og vera tengiliður við stjórnvöld,
- efla samvinnu og faglega umræðu meðal félagsmanna og við hagsmunaaðila,
- stuðla að bættri tónlistarkennslu og styrkja stöðu tónlistarfræðslu í landinu.

b) Samkvæmt lögum FT er starfandi fagráð tónlistarskóla sem hefur það hlutverk að:

- Fjalla um fagleg málefni og skólamál,
- efla samstarf milli fagaðila og stjórnvalda,
- efla svæðisbundið samstarf,
- fylgjast með þróun tónlistarfræðslu hér á landi og erlendis,
- efla tónlistarkennslu og tónlistarlíf.

Auk þess starfs sem fer fram á svæðavísu þá er heimilt samkvæmt lögum félagsins að stofna faghópa á landsvísu sem einskorðast við menntun og/eða starfssvið viðkomandi tónlistarkennara/stjórnenda. Starf faghópa styður við símenntun hópa á tilteknu starfssviði og eru mikilvægur vettvangur símenntunar í sérfræðiumhverfi tónlistarkennslu.

Samstarf, samþætting og skapandi starf eru ákveðin leiðarstef í þróun tónlistarkennslu, starfshátta kennara og skólustarfs. Með vísan til þess telur FT aukin tækifæri felast í samstarfsverkefnum þvert á skólagerðir á svæðavísu. Vettvangurinn er til staðar með vísan til svæðaskiptingar í uppbyggingu aðildarfélaga KÍ. Þá leggur FT áherslu á aukið og bætt samstarf við ýmsar stofnanir og hagsmunaaðila, s.s. Listaháskóla Íslands, menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í stefnu FT „Tónlist er fyrir alla“ er m.a. lögð áhersla á eftirfarandi:

- Átak verði gert í símenntun og starfsþróun tónlistarkennara í tónlistarskólum, við Listaháskóla Íslands og víðar bæði með stað- og fjarnámi.
- Hvetja skal tónlistarkennara, listamenn, tónlistarskóla, almenna skóla og stofnanir til samstarfs í því skyni að auka gæði tónlistarnáms og nýta möguleika þverfaglegrar vinnu.
- Tónlistarkennarar fái tíma og tækifæri til að þróa sig í starfi.
- Auka skal samstarf við ríki og sveitarfélög í því skyni að styrkja stöðir tónlistarfræðslu í þágu bættrar menntunar.

Auk þess sem kennari þarf stöðugt að sinna símenntun á sínu sérfræðisviði, þarf hann að geta uppfært þekkingu og hæfni sína í tengslum við nýjungar og þróun í kennsluháttum og skólustarfi. Kennari ber að miklu leyti ábyrgð á og skipuleggur að miklu leyti símenntun og starfsþróun á sínu fagsviði (sem oft þarf að sækja til útlanda) og því er þýðing Starfsmenntunarsjóðs FT sem samið er um í kjarasamningum gríðarlega mikil fyrir félagsmenn.

Menntun tónlistarskólakennara er mjög sérhæfð. Aðfaranám háskólanáms er að meðaltali 12 ára nám samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Það fer síðan eftir áherslum og sérhæfingu hvers og eins hve lengi viðkomandi stundar háskólanám hérlendis og/eða erlendis.

FT hefur lagt á það áherslu í starfi sínu að reyna að afla og miðla upplýsingum um fagleg málefni stéttarinnar á hverjum tíma (stöðu, þróun, stefnu og strauma á sviði tónlistarfræðslu og skólamála almennt) í þeim tilgangi að leggja inn í þann þekkingargrunn sem er undirstaða fagmennsku og stuðla að uppbyggilegri umræðu um skólamál.

Dæmi um efni sem tekin hafa verið fyrir á svæðisþingum tónlistarskóla á undanförunum árum eru í fylgiskjali II. Það sem er á döfinni hjá FT hverju sinni fær sinn sess á svæðisþingum tónlistarskóla.

### **Félög kennara og skólastjórnenda í framhaldsskólum**

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF) mótar og skipuleggur símenntun og starfsþróun fyrir kennara og skólastjórnendur í framhaldsskólum. SEF er skipuð fulltrúum menntamálaráðuneytis, háskólastigsins, framhaldsskólakennara og skólameistara í framhaldsskólum. SEF hefur umsjón með námskeiðum í samvinnu við faggreinafélög framhaldsskólakennara en þau skipuleggja og móta símenntun fyrir kennara í viðkomandi faggrein. Faggreinafélög framhaldsskólakennara eru um 40 talsins. Þetta endurspeglar vel fjölbreytileika framhaldsskólastigsins og þær mismunandi þarfir sem framhaldsskólakennarar hafa fyrir símenntun. Að auki skipuleggur SEF ýmis námskeið, bæði stutt sumarnámskeið, vettvangsnám fyrir starfandi kennara og hefur samstarf við Menntavísindasvið HÍ um að bjóða fram áfanga á mastersstigi til eininga fyrir starfandi kennara. Þessi námstilboð eru ýmist kennslufræðileg og/eða fagtengd. SEF styrkir einnig faggreinafélög til ráðstefnuhalds og erlends samstarfs, einstaklinga til að sækja námskeið tengd sinni kennslugrein og framhaldsskóla til að fá fyrirlestra og námskeið fyrir kennara og til að senda kennara á námskeið. SEF fær fjármuni á fjárlögum til starfsemi sinnar. Frá 2006 til 2014 hefur upphæðin að jafnaði verið um 30 milljónir kr. árlega. Í kjarasamningum framhaldsskólans 2014 bættust við kr. fimm milljónir til sérstakra verkefna.

Félag framhaldsskólakennara hefur langa og góða reynslu af samstarfi við SEF og situr formaður skólamálanefndar félagsins í stjórn SEF. Skólamálanefndin hefur með samstarfi sínu við SEF og fleiri fagaðila unnið að auknu framboði á símenntun og starfsþróun fyrir kennara. Það er m.a. ein af áherslum skólamálanefndarinnar fyrir þetta tímabil að reyna að koma samstarfi á við fleiri háskóla og aðra fagaðila sem bjóða fram námskeið fyrir kennara.

Skólamálanefndin hefur um árabil átt gott og farsælt samstarf við faggreinafélög framhaldsskólakennara. Nefndin heldur með þeim árlega fundi, situr fundi þeirra og auglýsir þá ef þess er óskað og er þeim innan handar við ýmis skipulagsmál. Félag framhaldsskólakennara hefur áform um þátttöku í samstarfi næsta vetur við Háskólann í Reykjavík um menntun fyrir starfandi kennara í trúnað, rafiðn og málmíðnaðargreinum. Þá er svipað samstarf á döfinni við Menntavísindasvið HÍ fyrir starfandi kennara sem vilja bæta við sig námi og ljúka meistaraþrófi.

Félag stjórnenda í framhaldsskólum leggur áherslu á símenntun félagsmanna sinna og heldur námskeið á hverju ári og hefur gengist fyrir ráðstefnum og sækir ráðstefnur og málþing sem tengjast menntamálum, skólastarfi og stjórnun. Skólastjórnendur í framhaldsskólum fylgjast með á breiðu sviði stjórnunar, samskipta og upplýsingatækni og sækja sér endurmenntun á sviði stjórnunar eftir föngum, m.a. með stuttum námskeiðum á vegum FS og FÍF (Félag íslenskra framhaldsskóla) og einingabært háskólanám sem styrkt er af Vísindasjóði FF og FS. Einnig er þetta gert með vettvangsnámi og þátttöku í ráðstefnum og fræðastarfi sem snýr t.d. að tölfræði framhaldsskóla, mælikvörðum, árangursmati, námskrá, rannsóknnum á skólastarfi o.m.fl.

Þá hefur SEF styrkt vettvangsnám í stjórnun en þar sem FS telst ekki fagfélag hefur félagið ekki getað sótt um styrki til námskeiðahalds til SEF. Unnið er að því að fá stjórnun viðurkennda sem fag eða breyta lögum félagsins svo það teljist bæði kjara- og fagfélag.

Stjórnendafélögin í KÍ hafa líka átt samstarf um könnun á þörf og vilja félagsmanna og fengið tilboð frá háskólunum um námskeið á grundvelli niðurstaðna.

Kjarasamningar og nýtt vinnumat í framhaldsskólum mun hafa mikil áhrif á allar áætlanir um skólastarfið á komandi misserum. Ný námskrá tekur gildi í framhaldsskólum á haustdögum og mikið mæðir á stjórnendum við framkvæmd, innleiðingu og skipulagningu skólastarfs með nýjum áherslum.

Í vor eða haust hyggst Félag stjórnenda í framhaldsskólum róa að því öllum árum að haldið verði námskeið fyrir félagsmenn um kerfislega útfærslu nýrrar námskrár, þ.e. hvernig t.d. nýjum f-einingum, áföngum og brautum verði komið fyrir í miðlægum gagnagrunni INNU, meðferð og úrvinnslu gagna, stundatöflugerð o.fl.

### **Faglegt samstarf á vettvangi KÍ og aðildarfélaga**

Eins og áður er getið fer starf að skóla- og menntamálum bæði fram í skólamálaráði KÍ sem er miðlægur samstarfsvettvangur KÍ og aðildarfélaga og hjá skólamálanefndum hvers aðildarfélags. KÍ og aðildarfélög starfa einnig saman að fleiri faglegum málaflokkum, eins og fræðslumálum kennarastéttarinnar, siðareglum, starfsumhverfismálum og jafnréttismálum. Vaxandi umræða er hjá KÍ og aðildarfélögum í samræmi við stefnumörkun um svæðabundið skólamála- og fagtengt samstarf þvert á skólastig og skólagerðir og tækifærin sem felast í því. Svæðabundinn samstarfsvettvangur er til staðar með vísan til svæðaskiptingar aðildarfélaga KÍ.

### **Samstarfsnefnd KÍ og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands**

Menntavísindasvið HÍ og KÍ eiga með sér sérstaka samstarfsnefnd um málefni kennaramenntunar og kennarastarfsins. Byggir það meðal annars á stefnumótun KÍ um að efla samstarf við kennaramenntunarstofnanir og aðra sem láta sig skólastarf og menntun varða. KÍ leggur mikið upp úr þessu samstarfi og telur mjög mikilvægt að kennarasamtökin eigi mest og best samstarf við háskóla sem mennta kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnendur. KÍ hefur í undirbúningi að óska eftir viðlíka samstarfi við aðra háskóla sem mennta fagstéttirnar í skólum landsins.

### **Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara**

KÍ og aðildarfélög leggja mikla áherslu á að fagráðinu auðnist að skila af sér niðurstöðum og tillögum um símenntun og starfsþróun kennarastéttarinnar sem verða til að bæta aðstöðu kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda til að viðhalda og afla sér menntunar og þekkingar í samræmi við kennaramenntun sem ævimenntun.

Það er deginum ljósara að allar þær umbyltingar sem eru í gangi í menntakerfinu gera kröfu um stöðuga þróun þekkingar og færni kennarastéttarinnar. KÍ telur að horfa þurfi á þrjú skref í starfsþróun hvers einstaklings, í fyrsta lagi grunnám til starfsréttinda sem lýkur með meistaraþráðu, í öðru lagi móttöku og stuðning við kennara sem er að taka sín fyrstu skref í starfi og í þriðja lagi stöðuga (sí)menntun og starfsþróun alla starfsævina. Hugsa þarf um símenntun og starfsþróun sem samfellu og að þessir þrjú þættir myndi eina heild og hafa þarf formlegan ramma um þá alla.

Fagraðinu og stýrihópnum þarf að takast að efla símenntun og starfsþróun kennarastéttarinnar, gera símenntunar- og starfsþróunartækifæri aðgengilegri, auka skilning stjórnvalda á þörf fyrir mikið átak í símenntun og starfsþróun, fjármuni, áætlanagerð og markmiðssetningu til lengri tíma.

## **6. Aðstæður til símenntunar og starfsþróunar og fjármunir.**

Hér er gerð grein fyrir mismunandi aðstæðum félagsmanna til að stunda símenntun og starfsþróun eftir búsetu, skólum, greinum/námssviðum og skólastigum. Einnig er fjallað um fjármuni til símenntunar og starfsþróunar félagsmanna.

### **Skólar, búseta, faggreinar/námssvið**

KÍ og aðildarfélög eru mjög meðvituð um þann aðstöðumun sem kennarar, náms- og starfsráðgjafar og skólastjórnendur búa við til að stunda símenntun og starfsþróun eftir búsetu, svæðum, skólum og greinum/námssviðum.

Kennarar sem kenna fámennar greinar eða stjórnendur sem starfa í litlum skólum úti á landi búa oft við einangrun í starfi. Einnig er þörfum kennara eftir greinum/námssviðum misjafnlega sinnt. Aðstöðumunurinn kemur að auki fram í því að mun meiri kostnaður er hjá landsbyggðarfólki að sækja sér símenntun og starfsþróun því hefðin er að skipuleggja mest á höfuðborgarsvæði. Félagsmenn í fámennum skólum og á landsbyggð eiga margir hverjir erfitt um vik vegna mikils kostnaðar sem þeir þurfa sjálfir að bera. Ekki njóta heldur allir félagsmenn skilnings eða velvildar skólafyrvalda og rekstraraðila til símenntunar og starfsþróunar á starfstíma skóla.

Aðildarfélögin hafa reynt að jafna aðstöðumuninn með ýmsum hætti.

Endurmenntunarsjóðir aðildarfélaga KÍ hafa eftir mætti reynt að draga úr aðstöðumun félagsmanna eftir búsetu vegna kostnaðar þeirra við að sækja sér símenntun og starfsþróun.

Fulltrúar Félags framhaldsskólakennara í SEF koma sjónarmiðum um aðstöðumun til skila í SEF og er reynt að jafna aðstöðumun vegna búsetu. Vinnuregla SEF er að kennarar utan af landi sem sækja námskeið á höfuðborgarsvæði á vegum sinna faggreinafélaga fá greiddan ferða- og gistikostnað á meðan námskeiði stendur ef þeir geta ekki séð sér fyrir gistingu með öðrum hætti. Reglur SEF um endurgreiðslu ferða- og gistikostnaðar má nálgast [hér](#).

Skólamálanefnd FG hefur lagt áherslu á meiri notkun fjarfundarbúnaðar á námskeiðum fyrir kennara sem haldin eru af háskólum í Reykjavík og á Akureyri.

Skólamálanefnd Félags leikskólakennara hefur stuðlað að því að boðið hefur verið upp á námskeið fyrir kennara á Norður- og Austurlandi í samstarfi við EHÍ.

### **Aðildarfélög KÍ og skólastig**

Kennarar, náms- og starfsráðgjafar og skólastjórnendur í einstökum aðildarfélögum KÍ og skólastigum eru misjafnlega settir með aðstöðu og möguleika til að stunda símenntun og starfsþróun.

Þannig hafa leikskólakennarar og leikskólastjórar engan afmarkaðan tíma til símenntunar og starfsþróunar í ársvinnutíma sínum samkvæmt kjarasamningi eins og er í kjarasamningi grunnskólakennara, kjarasamningi kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda í framhaldsskólum og kjarasamningi kennara og skólastjórnenda í tónlistarskólum.

Skólastjórar í grunnskólum búa einnig við samskonar aðstöðumun og leikskólar.

Það er vandamál á öllum skólastigum að tími innan dagvinnutíma til að sinna símenntun og starfsþróun er ekki skilgreindur í kjarasamningum sem veldur því að erfitt er að sinna símenntun og starfsþróun samhliða starfi. Viðvarandi vandamál þessu tengt er að skólar hafa ekki skilgreinda fjármuni til að greiða fyrir afleysingar svo að starfsmenn komist frá til að afla sér símenntunar og starfsþróunar á starfstíma skóla.

Skólar eru einnig misjafnlega settir hvað varðar fjármuni til skipuleggja og bjóða fram símenntun og starfsþróun fyrir sína starfsmenn. Hvað varðar framhaldsskóla og grunnskóla geta skólastjórnendur sótt um styrki til SEF og Endurmenntunarsjóðs grunnskóla í þessum tilgangi. Enginn miðlægur sjóður af þessu tagi eða miðlægt skilgreindir fjármunir eru fyrir hendi hvað varðar leikskóla og tónlistarskóla.

Í skýrslunni „*Starfsþróun kennara, greining á sjóðaumhverfi*“, desember 2014, eru upplýsingar um stuðning sveitarfélaga við starfsþróunarmál í grunnskólum og leikskólum fram yfir kjarasamnings- og lögbundnar skyldur og er hann með mjög mismunandi hætti eftir stærð, fjárhag og stað. Óljóst er um stuðning sveitarfélaga við starfsþróunarmál í tónlistarskólum þar sem hann er sjaldan tekinn fram.

Samkvæmt kjarasamningum leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla skal símenntun starfsmanna á vinnustað vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og gerð hennar á ábyrgð skólastjórnenda. Ljóst er samkvæmt upplýsingum um fjárhagslegan stuðning sveitarfélaga við starfsþróunarmál í skólunum að skólarnir eru mjög misjafnlega settir hvað varðar þennan stuðning og aðstæður skólastjórnenda víða þröngar til að sjá til þess að kennarar og þeir sjálfir hafi tækifæri til símenntunar og starfsþróunar samkvæmt starfsþróunaráætlunum skólanna.

Námsleyfi eru alltof fá þar sem þau eru fyrir hendi og enginn skilgreindur réttur er til námsleyfa. Raunveruleikinn er að einstaklingar fá almennt ekki námsleyfi fyrr en eftir mjög langan starfsferil.

Námsleyfasjóður grunnskóla úthlutaði 35 námsleyfum árið 2012 og 32 árið 2013. Árið 2012 bárust sjóðnum 182 umsóknir um námsleyfi og 162 árið 2013. Námslaun eru einnig hluti af úthlutunum Verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ. Var tíu námslaunum úthlutað árið 2012 og sami fjöldi árið 2013. Á sama tíma voru félagsmenn FG og SÍ vel yfir fimm þúsund.

Árin 2012 og 2013 var fjöldi námsorlofa 35 stöðugildi samkvæmt kjarasamningi framhaldsskólans hvort árið. Árið 2012 sóttu 118 einstaklingar um námsorlof og fengu 38 úthlutað, þar af voru veitt sex hálf orlof. Árið 2013 sóttu 110 einstaklingar um orlof og fengu 37 úthlutað, þar af voru veitt fjögur hálf orlof. Á saman tíma voru félagsmenn FF og FS tæplega tvö þúsund.

Í kjarasamningum leikskóla er aðeins um að ræða heimildarákvæði um veitingu námsleyfa. Meðan svo er líta sveitarfélög svo á að þeim sé ekki skylt að verða við óskum leikskólakennara og leikskólastjórnenda um leyfi til þess að stunda framhaldsnám á launum. Veiting námsleyfa er háð metnaði og fjárhagslegu bolmagni hvers sveitarfélags. Þetta viðheldur aðstöðumun milli kennara og skólastjórnenda á leikskólastigi og annarra skólastiga og milli sveitarfélaga þar sem það er afar mismunandi hvort sveitarfélög veita námsleyfi, en hrún varð í veitingu námsleyfa eftir 2008.

Engin ákvæði um námsleyfi eru í kjarasamningi kennara og skólastjóra í tónlistarskólum. Námslaun eru hluti af úthlutunum Starfsmenntunarsjóðs tónlistarskólakennara. Var fimm námslaunum úthlutað árið 2012 í fjóra til tólf mánuði og tveimur námslaunum árið 2013. Á sama tíma var fjöldi félagsmanna FT vel yfir 500.

Aðstöðumunur milli aðildarfélaga KÍ og skólastiga kemur einnig fram í mismunandi umbúnaði í kjarasamningum um mat á símenntun og starfsþróun til launa. Þannig er umbúnaðurinn einna losaralegastur í framhaldsskólum og mjög misjafnt milli framhaldsskóla hvort og hvernig símenntun og starfsþróun er metin til launa, fram yfir grunn- og framhaldsmenntun.

Framgangsmöguleikar kennarastéttarinnar á grundvelli starfsþróunar eru litlir og óskýrir og á engan hátt ljóst að eigin fjárfesting í frekari menntun skili sér með markvissum hætti í auknum starfsmöguleikum og launum.

### Fjármunir

Það er staðreynd að ef kennarastéttin hefði ekki barist fyrir fjármunum til símenntunar og starfsþróunar sinnar í kjarasamningum væri þeim fjármunum ekki til að dreifa sem eru fyrir hendi, og aðstæður til að afla sér menntunar og þekkingar. Það er einnig staðreynd að umbúnaður um fjármuni og aðstæður til símenntunar og starfsþróunar í kjarasamningum veitir nauðsynlegar skuldbindingar og tryggingar sem reynslan kennir að þurfa að vera fyrir hendi.

Aðildarfélag KÍ munu eins og áður framfylgja stefnu KÍ um símenntun og starfsþróun kennarastéttarinnar í kjarasamningum sínum og í öðrum samskiptum þeirra við viðsemjendur, og KÍ og aðildarfélag saman í samskiptum við menntamálayfirvöld, kennaramenntunarstofnanir og aðra fagaðila.

Símenntun og starfsþróun þarf bæði að svara þörfum einstaklinga og skóla. Þetta felur í sér að kennarar, náms- og starfsráðgjafar og skólastjórnendur þurfa að hafa aðstöðu og möguleika til að meta sínar þarfir, velja sér starfsþróun og símenntun og sækja hana til fjölbreyttra fagaðila. Símenntun og starfsþróun „sem sameiginlegt verkfæri hóps kennara eða skóla eða sveitarfélaga“ þarf einnig að vera fyrir hendi.<sup>2</sup> Það fyrirkomulag gerir kröfu um fjármögnun stjórnvalda og rekstraraðila og tryggan umbúnað. KÍ telur þörf vera fyrir fyrirkomulag sem svarar þörfum hópa, skóla og sveitarfélaga fyrir símenntun og starfsþróun. Það er á ábyrgð stjórnvalda og rekstraraðila að tryggja fjármuni til þessa.

### Upplýsingar í skýrslunni „Starfsþróun kennara, greining á sjóðaumhverfi“, desember 2014, um fjármuni til starfsþróunar í leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólum og framhaldsskólum árið 2012

Aðildar félag KÍ	Fjöldi stg.	Endurmenntunarsjóðir	Námsleyfi	Endurmsj. grunnskóla	SEF	Sprotasjóður <sup>3</sup>	Samtals	pr. stg.
Leikskóli FL og FSL	2.393	175,6				7,4	183,0	76.469
Grunnskóli FG og SÍ	4.937	389,2	216,4	34		17,7	657,3	133.135
Framhalds Skóli FF og FS	1.815	134,8	201,3		40,5	9,6	386,2	212.772
Tónlistar skóli FT	444	46,7					46,7	105.168 <sup>4</sup>
Samtals	9.589	746,3	417,7	34,0	40,5	34,7	1.273,2	132.777

Samkvæmt ofangreindri skýrslu voru fjármunir til starfsþróunar árið 2013 (endurmenntunarsjóðir, námsleyfi, endurmenntunarsjóður grunnskóla, SEF og Sprotasjóður) eftirfarandi:

- Leikskóli, 163,6 m.kr., (pr. stg. kr. 67.870)
- Grunnskóli, 488,6 m.kr., (pr. stg. kr. 100.818)
- Framhaldsskóli, 373,3 m.kr. (pr. stg. kr. 207.089)
- Tónlistarskóli, 40,7 m.kr. (pr. stg. kr. 92.608)
- Samtals 1.066,2 m.kr. (pr. stg. kr. 112.243)

<sup>2</sup> Úr skjali Jóns Torfa Jónssonar fulltrúa HÍ í fagráði: *Rök fyrir nýrri hugsun í menntakerfinu um starfsþróun kennara og spurningar um útfærslu hennar.*

<sup>3</sup> Hér er ekki tekið með framlag Sprotasjóðs þvert á skólastig, en það var árið 2012 kr. 8,3 milljónir.

<sup>4</sup> Aðild að Starfsmenntasjóði tónlistarskólakennara eiga félagsmenn FT og FÍH. Hér er aðeins reiknað með fjölda stöðugilda félagsmanna FT. Upphæð pr. stöðugildi er lægri ef fjöldi stöðugilda FÍH væri tekið með.



## Heildarútgjöld (öll útgjöld) hins opinbera (ríki og sveitarfélög) til leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla árið 2013 (verðlag ársins 2013)<sup>5</sup>

	Milljónir kr.	Fjármunir til starfsþróunar 2013 m. kr. <sup>6</sup>	Hlutfall fjármuna til starfsþróunar af heildarútgjöldum til skólastiga
Leikskólastig	14.532	163,6	1.12%
Grunnskólastig	66.491	488,6	0.73%
Framhaldsskólastig	22.369	373,3	1.66%
Samtals	103.392	1.025,5	0,99%

Mat KÍ er að staða símenntunar og starfsþróunar kennarastéttarinnar sé slök, litlum fjármunum er varið til hennar og aðstæður til að stunda símenntun og starfsþróun eru engan veginn ásættanlegar.

Á fundum KÍ og aðildarfélaganna í tilefni af starfi fagráðs hefur greinilega og ítrekað komið fram að sömu stóru vandamálum eru óleyst. Langt er síðan að einhverjar afgerandi breytingar áttu sér stað fyrir tilstilli samningsaðila, menntamálaráðuneytis eða opinberra vinnuveitenda sem hafa breytt einhverju verulega fyrir símenntun og starfsþróun kennarastéttarinnar.

Það eru grundvallarmál að eiga kost á símenntun og starfsþróun í samræmi við menntun, starfsvettvang, námsþarfir og áhuga, að hafa aðstöðu til að sækja sér og stunda símenntun og starfsþróun þar sem og þegar tækifærin bjóðast, um fjármuni til símenntunar og starfsþróunar, möguleika til að stunda framhaldsnám meðfram starfi, um fjármagn og framboð á launuðum námsleyfum svo að brýnustu atriðin séu nefnd.

### 7. Áhersluþættir varðandi innihald og form símenntunar og starfsþróunar.

Breyttar áherslur í námi og kennslu og breytingar á starfsumhverfi skóla og starfsháttum gera það að verkum að kennarastéttin þarf í auknum mæli að takast á við breytingar í sínum skólum.

Neðangreind atriði varpa ljósi á hversu umfangsmikið starf þarf að vinna til að svara menntunar- og starfsþróunarþörfum kennarastéttarinnar.

- Kennarar og stjórnendur þurfa að vera vel menntaðir, fylgjast með og aðlaga upprunalega þekkingu sína breytingum og nýjungum og bæta við menntun sína bæði með formlegu og óformlegu námi.
- Kennarar hjálpa börnum og ungmennum til sjálfstæðis í námi og vinnubrögðum við þekkingar- og upplýsingaleit fremur en að tileinka sér ákveðinn þekkingarforða.
- Kennarar eru í auknum mæli skipuleggjendur, verkstjórar og miðlarar í fjölbreytilegri samvinnu, sinna hverjum nemanda sem einstaklingi, þeir þurfa að nota fjölbreytilegar kennsluáferðir og nálgast viðfangsefni á ólíkan hátt, tileinka sér og nota nýja og síbreytilega tækni í starfi sínu.
- Þátttaka kennara í stefnumótun, stjórnun og stjórnsýslu er vaxandi vegna þróunar í átt til aukins sjálfstæðis skóla og breyttra viðhorfa um þátttöku starfsmanna í slíkum störfum og hugmynda um valddreifingu.
- Innra og ytra mat er tiltölulega nýr þáttur í starfi kennara, áætlanagerð, samstarf við aðra sérfræðinga innan og utan skóla og kerfisbundið, rafrænt bókhald um nám nemendanna sem er aðgengilegt sem upplýsingabanki fyrir þá og aðstandendur þeirra eftir atvikum.

<sup>5</sup> Heimild: Hagstofa Íslands.

<sup>6</sup> Samkvæmt skýrslunni „Starfsþróun kennara, greining á sjóðumhverfi“, desember 2014.

## Mál sem eru í sérstökum brennidepli hjá KÍ og aðildarfélögum

Á vettvangi KÍ og aðildarfélaganna hefur að undanfögnu töluvert verið rætt hvernig hafi tekist til með útfærslu kennaramenntunarlaga með hliðsjón af markmiðum þeirra um meiri sérhæfingu og öflugra vettvangsnám og í ljósi kennaramenntunar sem ævimenntunar og samhengis milli grunnmenntunar, framhaldsmenntunar og annarrar símenntunar og starfsþróunar.

Í tengslum við þetta hafa KÍ og aðildarfélög m.a. tekið til skoðunar tillögur starfshóps menntamálaráðherra um framtíðarskipan kennaramenntunar (2006), og rifjað upp hverjar þeirra náðu fram að ganga og hverjar ekki.<sup>7</sup>

KÍ hefur einnig bryddað upp á þessari umræðu í samstarfsnefnd KÍ og Menntavísindasviðs HÍ.

Þegar mat er lagt á útfærslu kennaramenntunarlaga með hliðsjón af markmiðum um meiri sérhæfingu og öflugara vettvangsnám þá stendur meðal annars upp úr að hlutur vettvangsnáms í kennaramenntun hefur ekki vaxið til muna vegna fjárskorts og sökum þess að vettvangsnámið er ekki bundið í lög um kennaramenntun. KÍ telur að bregðast þurfi við þessu með því að lögfesta ákvæði um vettvangsnám nema sem þeir eiga að lágmarki rétt á og auka fjárveitingar til vettvangsnáms.

KÍ telur mikla þörf vera fyrir að til verði vettvangur háskóla sem mennta kennara, menntamálaráðuneytis, KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem rætt verði meðal annars um hvernig hafi tekist til með útfærslu kennaramenntunar með hliðsjón af markmiðum laganna, kennaramenntunar sem ævimenntunar og þeim tillögum sem komu fram í aðdraganda setningar kennaramenntunarlaganna. KÍ telur einnig mikilvægt að rætt sé skipulega á slíkum vettvangi um leiðir til að auka aðsókn í kennaramenntun og styrkja samfélagslega stöðu kennarastarfsins.

---

<sup>7</sup> Tillögur starfshóps um framtíðarskipulag kennaramenntunar (2006) sem ekki náðu fram að ganga í lögum um kennaramenntun:

1. Að tryggd verði í lögum og reglum að menntun starfsmenntakennara verði einnig lengd og metin jafngild öðru kennaranámi. Kennslufræðihluti þess náms fari fram í kennaramenntunarstofnunum á háskólastigi.
2. Að menntun skólastjórnenda á öllum skólastigum verði skilgreind. Mikilvægt er að starfshæfi þeirra byggist á tilskilinni menntun og kennsluréttindum á viðkomandi skólastigi. Æskilegt er að gera kröfu um að skólastjórnendur hafi háskólamenntun í stjórnun stofnana.
3. Að sérstaklega verði hugað að starfsþjálfun kennaraefna eftir kennaranám, sk. kandídatári, áður en menn öðlast formleg kennsluréttindi (hugsanlega eftir sérstakt kennarapróf).
4. Að skilgreind verði viðmið um inntak og starfshætti við menntun allra kennara og skólastjórnenda. Stuðlað verði að fjölbreytni og sveigjanleika í kennaramenntun. Því leggur starfshópurinn til að viðfangsefni kennaramenntunar verði skýrð. Í þessu samhengi leggur starfshópurinn til að komið verði á samræmdu kerfi gæðastjórnunar með stöðlum og skilgreindum viðmiðum, til að tryggja menntunarstig kennarastéttarinnar. Með því verði stuðlað að faglegu samræmi milli kennaramenntunarstofnana innanlands og staða íslenskrar kennaramenntunar verði einnig styrkt í alþjóðlegu samhengi.
5. Að stofnað verði og lögfest sérstakt kennsluráð (Teaching Council) sem verði samstarfsvettvangur stjórnvalda, rekstraraðila, fagfélaga, háskóla og notenda kennaramenntunar. Kennsluráðið hafi með höndum stjórnun og stefnumótun um öll helstu mál er snúa að grunn-, framhalds- og endurmenntun kennara, starfsþjálfun kennaraefna og kennsluréttindum (leyfisbréfum). Kennsluráðið hafi einnig úrskurðarvald um starfshæfi bæði við upphaf starfs og eftir atvikum þar eftir, annist uppsetningu og viðhald skrár yfir alla starfandi kennara og skólastjórnendur (með upplýsingum um menntun, starfsreynslu o.s.frv.), gæðamál og fleira. Við lögfestingu og stofnun ráðsins verði lög um kennsluráð á Írlandi höfð til hliðsjónar.
6. Að tryggd verði stöðug símenntun og sköpuð margþætt tækifæri til framhaldsmenntunar kennara, skólastjórnenda, námsráðgjafa og annars starfsfólks skólakerfisins. Skilgreina þarf tengsl grunnmenntunar og viðbótarmenntunar kennara og í því sambandi æskilegt reynslutímabil nýrra kennara, stuðning við kennara og mismunandi ráðningarform.

KÍ telur að horfa þurfi á þrjú skref í starfsþróun hvers einstaklings, í fyrsta lagi grunnám til starfsréttinda sem lýkur með meistaragráðu, í öðru lagi móttöku og stuðning við kennara sem er að taka sín fyrstu skref í starfi og í þriðja lagi stöðug símenntun og starfsþróun allan starfsferilinn. Hugsa þarf um símenntun og starfsþróun sem samfellu og þurfa þessir þrjú þættir að mynda eina heild og vera formlegur rammi um þá alla.

Staða símenntunar og starfsþróunar kennarastéttarinnar er slök, litlum fjármunum er varið til hennar og aðstæður til að stunda símenntun og starfsþróun eru engan veginn ásættanlegar. Langt er síðan að einhverjar afgerandi breytingar áttu sér stað fyrir tilstilli sammingsaðila, menntamálaráðuneytis eða opinberra vinnuveitenda sem hafa breytt einhverju verulega fyrir símenntun og starfsþróun kennarastéttarinnar. Stjórnvöld og rekstraraðilar þurfa að líta á símenntun og starfsþróun sem lykilstarfsemi skóla en ekki sem jaðarverkefni.

Brýnt er að tryggja betur og auka fjárveitingar til símenntunar og starfsþróunar, fjölbreytt framboð og aðstæður til að bæta við sig menntun og þekkingu.

Skilgreina þarf lágmarks- eða grunnrétt til símenntunar og starfsþróunar, framhaldsmenntunar og námsorlofa. Slíkar skilgreiningar þurfa bæði að snerta fjárhagslegu hliðina og aðstöðu til að afla sér símenntunar og starfsþróunar.

Tryggja þarf starfandi kennurum aðgang að námi á háskólastigi til að ljúka grunnnámi til meistaraþrófs. Kennarar þurfa að hafa aðgang að fjölbreyttri símenntun og starfsþróun sem tengist faglegri þróun, nýjungum, þörfum starfsins og starfsemi skóla.

Auka þarf menntunarkröfur til skólastjórnenda svo að þeir séu í stakk búnir til að leiða breytingar og þróun á skólastarfi. Hér má meðal annars nefna námskrágerð, starfsmannahald, gæðamál og samskipti og samstarf við marga aðila. Brýn þörf er á formlegu og einingabæru stjórnendanámi á meistarastigi sem lýkur með hagnýtu rannsóknarverkefni og einnig er mikil þörf fyrir námskeið með raunverkefnum.

Aðstæður þurfa að vera fyrir hendi til að ljúka grunnnámi til meistaraþrófs, stunda framhaldsnám, og aðra símenntun og starfsþróun samhliða starfi, hluta af starfi og í launuðu námsleyfi. Símenntun og starfsþróun samhliða starfi gerir kröfu um skilgreinda fjármuni til skóla til að greiða fyrir afleysingar vegna fjarveru starfsmanna til að stunda (sí)menntun og starfsþróun. Þetta gerir einnig kröfu um verulega fjölgun námsorlofa, einstaklingar þurfa að fá námsorlof mun fyrir á starfsævinni og oftan en nú er.

Jafnvægi þarf að vera á milli símenntunar og starfsþróunar einstaklinga og skólans, símenntun og starfsþróun þarf bæði að svara þörfum einstaklinga og skólastarfsins í heild. Þetta gerir kröfu um skilgreinda og mun meiri fjármuni til skóla til að bjóða upp á fjölbreytta símenntun og starfsþróun sem mætir þörfum mismunandi hópa og sameiginlegri þróun skólans. Kennarar þurfa að hafa svigrúm í starfi og stuðning til að sinna starfendarannsóknunum. Meiri tími þarf að vera fyrir kennara til að vinna saman að skólaþróun, ekki er nóg að sækja námskeið og fræðslu, hvort sem það er innan eða utan skóla, aðstaða þarf að vera fyrir hendi til miðla nýrri þekkingu og vinna með hana í skólastarfinu.

Einnig þurfa einstaklingar að geta metið þarfir sínar og sótt sér menntun og þekkingu í samræmi við þær til fjölbreyttra fagaðila.

Brýn þörf er fyrir að efla hvatningu til símenntunar og starfsþróunar. Framgangsmöguleikar á grundvelli símenntunar og starfsþróunar þurfa að skila sér með markvissum hætti í bættum starfsmöguleikum og launum.

Skólar þurfa að fá skilgreinda fjármuni til sérstakrar leiðsagnar fyrir nýliða í starfi og ráðgjafar og handleiðslu fyrir allra starfsmenn skóla. Koma þarf á formlegum umbúnaði um leiðsögn, ráðgjöf og handleiðslu í starfi.

## **8. Áherslupættir varðandi stjórn símenntunar og starfsþróunar, aðild og samstarf.**

KÍ telur ákveðinn losarabrag einkenna símenntunar- og starfsþróunarmál kennarastéttarinnar og tvístrun, og þetta ástand búið að vara í mörg ár.

Kennarastéttin tekur ekki með skipulegum hætti þátt í stefnumótun, ákvörðunum um framboð og framkvæmd eigin símenntunar og starfsþróunar nema með fáum undantekningum.

Hlutverk háskóla og ábyrgð þeirra á menntun og starfsþróun kennarastéttarinnar hefur breyst og kennarar eiga ekki í sama mæli og áður bakhjarl í þessum efnum í háskólunum sem þeir sóttu menntun sína til.

KÍ telur að háskólar sem mennta kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnendur þurfi að vera virkari þátttakendur í samstarfi og samræðum við vettvanginn, miðla rannsóknum og aðferðum við starfsþróun og bjóða upp á menntun og fræðslu.

KÍ er jafnframt þeirrar skoðunar að félagsmenn þurfi að hafa aðstöðu og möguleika til að meta sínar þarfir og velja sér starfsþróun og símenntun að vild og að sækja hana til fjölbreyttra fagaðila.

Kennarastéttin þarf að taka þátt í stefnumótun um símenntun bæði heildstætt og á eigin starfsvettvangi. KÍ væntir þess að fagráðið verði heildstæður vettvangur til framtíðar, þar sem fulltrúar menntamálaráðuneytis, KÍ, háskóla sem mennta kennara og Samband íslenskra sveitarfélaga starfa saman að því að efla símenntunar- og starfsþróunarmál kennarastéttarinnar og kennarastarfið.

Af aðildarfélögum KÍ eru það aðeins Félag framhaldsskólakennara og Félag stjórnenda í framhaldsskólum sem eiga sér fastan samstarfsvettvang um símenntun og starfsþróun eða SEF, löng og góð reynsla er af samstarfi á þeim vettvangi.

KÍ telur mikilvægt að öll aðildarfélög KÍ eigi sér fastan samstarfsvettvang um sín símenntunar- og starfsþróunarmál, og að líta megi til SEF sem fyrirmyndar um vel heppnað samstarfsfyrirkomulag sem hægt sé að styðjast við.

KÍ leggur ríka áherslu á að starf fagráðs og stýrihóps verði til að efla símenntunar- og starfsþróunarmál kennarastéttarinnar, gera símenntunar- og starfsþróunartækifæri aðgengilegri, auka skilning stjórnvalda á þörf fyrir mikið átak í símenntun og starfsþróun, fjármuni, áætlanagerð og markmiðssetningu til lengri tíma.

Með kveðju

Fulltrúar aðildarfélaga KÍ í fagráði

Aðalheiður Steingrimsdóttir, Félag leikskólakennara  
Anna María Gunnarsdóttir, Félag framhaldsskólakennara  
Guðbjörg Ragnarsdóttir, Félag grunnskólakennara  
Ingibjörg Kristleifsdóttir, Félag stjórnenda leikskóla  
Sigrún Grendal, Félag kennara og skólastjóra í tónlistarskólum  
Steinunn Inga Óttarsdóttir, Félag stjórnenda í framhaldsskólum  
Svanhildur M. Ólafsdóttir, Skólastjórafélag Íslands

## 9. Fylgiskjal I. Viðfangsefni í símenntun og starfsþróun.

Kennaramenntun er ævimenntun og þarf inntak og heildarskipulag hennar að taka mið af því.

Horfa þarf á þrjú skref í starfsþróun hvers einstaklings, í fyrsta lagi grunnnám til starfsréttinda sem lýkur með meistaraþráðu, í öðru lagi móttöku og stuðning við kennara sem er að taka sín fyrstu skref í starfi og í þriðja lagi viðvarandi símenntun og starfsþróun allan starfsferilinn. Hugsu þarf um símenntun og starfsþróun sem samfellu, að þessir þrjú þættir myndi eina heild og formlegur rammi þarf að vera um þá alla.

Félagsmönnum ber að miða eigin símenntun og starfsþróun við faglega þróun, nýjungar, þarfir starfs síns og starfsemi skóla. Viðhald menntunar og þekkingar þarf að vera í samræmi við hugmyndir um fagmennsku og svara bæði þörfum einstaklinga og skólastarfs í heild.

Formleg símenntun og starfsþróun	Óformleg símenntun og starfsþróun
<ul style="list-style-type: none"><li>• Skilgreint framhaldsnám.</li><li>• Einingabært háskólanám í faggrein/námssviði, kennarafræðum, samskiptatækni, stjórnunarnám o.fl.</li><li>• Símenntun og starfsþróun t.d. á vegum faggreinafélaga/faghópa, sveitarfélaga, skóla, háskóla, og fleiri fag- og fræðsluaðila.</li><li>• Vettvangsnám samhliða starfi.</li><li>• Rannsóknir/þátttaka í rannsóknum og fræðastarfi.</li><li>• Starfendarannsóknir.</li><li>• Þróunar- og umbótaverkefni.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fyrirlestrar.</li><li>• Ráðstefnur.</li><li>• Menntabúðir.</li><li>• Málþing.</li><li>• Leshringir.</li><li>• Vinnustofur.</li><li>• Heimsóknir í skóla, stofnanir og til fleiri aðila.</li><li>• Samstarfsverkefni innan skóla og utan.</li><li>• Þjálfun og leiðsögn við starfsfélaga.</li><li>• Jafningjastuðningur samstarfsfélaga innan skóla og samstarf þvert á skóla.</li><li>• Leiðsögn við kennaranema og nema í náms- og starfsráðgjöf á vettvangi.</li><li>• Lestur bóka, fagtímarita, vísindagreina og lokaritgerða á fagsviði kennara eða í kennarafræðum.</li><li>• Samstarfsverkefni/samstarfssamfélög.</li><li>• Öflun og viðhald þekkingar með notkun fjöl- og netmiðla.</li><li>• Skoðanaskipti um málefni faggreina/sviðs og kennslufræðileg efni.</li></ul>

**Fylgiskjal II. Dæmi um efni sem tekin hafa verið fyrir á svæðisþingum tónlistarskóla. Það sem er á döfnni hjá Félagi kennara og skólustjóra í tónlistarskólum hverju sinni fær sinn sess á svæðisþingum tónlistarskóla.**

#### **SVÆÐISÞING TÓNLISTARSKÓLA 2014**

- **Málstofa um tónlistarnám byrjenda:** Stjórnandi: *Paul Griffiths* kennari við *Guildhall School of Music and Drama*.
  - Áhersluatriði í tónlistarnámi byrjenda – er hugsanlegt að setja námið upp á fleiri vegu en tíðkast í dag?
  - Hvernig er mögulegt að nálgast fyrstu skrefin í tónlistarnámi á skapandi, spennandi og gefandi hátt sem veitir rétta undirstöðu, kveikir áhuga en byggir hugsanlega á breyttum áherslum?
- **Tilraunastofa um tónlistarnám byrjenda:** *Paul Griffiths* vann praktískt með þátttakendum. Á tilraunastofunni gafst m.a. tækifæri til að skoða skapandi ferla tónlistarnáms og samþættingu ólíkra þátta í náminu.

#### **SVÆÐISÞING TÓNLISTARSKÓLA 2013**

- **Samræða um fagleg mál sem efst eru á baugi – Hver er staðan? – Hver eru næstu skref?**
  - Frumvarp til laga um tónlistarskóla/samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms
  - Kennaramenntun tónlistarkennara og tónmenntakennara
  - Lögverndun starfsheitis/starfsréttinda tónlistarskólakennara – niðurstöður könnunar FT
  - Endurskoðun aðalnámskrár – hvað segja félagsmenn? Samantekt frá svæðisþingum, könnunum FT o.fl.
  - Aðgengi að Sprotasjóði og Þróunarsjóði námsgagna?
  - Starfsmaður á sviði tónlistar/lista í mennta- og menningarmálaráðuneytinu?
- „Hvað liggur þér á hjarta?“ Samantekt frá svæðisþingum tónlistarskóla 2012 – hvað svo?
- „Tónlist er fyrir alla“ – stefna Félags tónlistarskólakennara
- Innleiðing „skapandi þáttar“ í tónlistarkennslu – Kynning á niðurstöðum könnunar FT– Hvar stöndum við?

#### **SVÆÐISÞING TÓNLISTARSKÓLA 2012**

- **Hvaða áhrif hafði kreppan á kennslufyrirkomulag í tónlistarskólum og hvert stefnum við? (*Framsöguerindi – hópaumræður*)** *Sigrún Grendal*, formaður FT, kynnti niðurstöður könnunar á því hvort og þá hvaða breytingar hefðu orðið á fyrirkomulagi kennslu í tónlistarskólum í kjölfar kreppunnar.
  - Niðurstöðurnar voru nýttar til að leiða inn í umræður í hópum þar sem þátttakendum gafst færi á að ræða kosti, galla, tækifæri og ógnanir í breytingum sem höfðu átt sér stað og horfa fram veginn varðandi fyrirkomulag tónlistarkennslu.
  - Mikilvægi þess fyrir stéttina að vera vakandi fyrir þróun tónlistarkennslu og taka stefnumiðið sjálf með reglulegu millibili svo að „hamfarir“ eins og kreppan verði ekki helstu áhrifavaldar í þróun starfseminnar.
- **Hvað liggur þér á hjarta? – Hópaumræður með „þjóðfundarsniði“.**
- **Grunnþættir nýrrar menntastefnu – hæfniskipt nám – endurskoðun aðalnámskrár tónlistarskóla (*Framsöguerindi – umræður*)** *Sigurjón Mýrdal* og *Björg Pétursdóttir*, deildarstjórar á skrifstofu menntamála í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, skiptu með sér að koma á svæðisþing tónlistarskóla og ræða hvernig grunnþættir nýrrar menntastefnu snerta tónlistarkennara og hlutverk tónlistarskóla.
  - Fulltrúar ráðuneytisins kynntu skipulag hæfniskipts náms og drög að hæfniviðmiðum fyrir listgreinar á framhaldsskólastigi en tónlistarnám skv. aðalnámskrá tónlistarskóla hefur verið tengt hæfniþrepum og metið til „framhaldsskólæininga“ sem er nýtt einingamatskerfi framhaldsskólastigsins.
  - Spurningar fundarmanna um endurskoðun á aðalnámskrá tónlistarskóla.
- **Nótan 2013 - Þema í flokknum frumsamið/frumlegt**

Í tilefni af opnun „Ísmús“ (gagnagrunnur með íslenskum músík- og menningararfi) sumarið 2012 tóku Tónlistarsafn Íslands og Nótan höndum saman um að setja íslenskan tónlistar- og menningararf í brennidepil og tengja þáttökuflokkinn frumsamið/frumlegt við íslenskan tónlistar- og menningararf á Nótunni 2013. *Jón Hrólfur Sigurjónsson*, varaformaður FT, kynnti vefinn [www.ismus.is](http://www.ismus.is) og þá möguleika sem þar felast í tengslum við framangreint.

## SVÆÐISÞING TÓNLISTARSKÓLA 2011

- **Hver er reynslan af prófakerfi Prófanevndar tónlistarskóla?**  
Elín Anna Ísaksdóttir, tónlistarkennari við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, kynnti frumniðurstöður rannsóknar þar sem reynsla tónlistarkennara og skólustjórnenda af áfangaprófakerfinu var til skoðunar, samskipti við Prófanevnd um umsóknarferli og einkunnaskil, form áfangaprófa og samskipti við prófdómara, markmið um samræmingu, stöðu nemandans í prófakerfinu o.fl. Rannsóknin er lokaverkefni Elínar Önnu í meistaranámi við Listkennsludeild Listaháskóla Íslands.
- **Heildstæð kennsla í tónfræðagreinum og hljóðfæraleik**  
„Áhugi nemenda skiptir sköpum um framvindu og góðan námsárangur“.
  - Í grunn- og miðáfanga tónfræðanáms „er gert ráð fyrir samþættri kennslu tónfræðagreina þar sem inntak einstakra greina fléttast með ýmsum hætti saman við margvíslega virknipætti, svo sem hljóðfæraleik, söng, hreyfingu, lestur, skráningu, hlustun, greiningu og sköpun.“
  - „Mikilvægt er að nám í tónfræðagreinum og hljóðfæranám myndi eina heild. Til að svo megi verða þarf að huga að heildarskipulagningu og markvissri samvinnu innan skólans. Brýnt er að í skólum séu þróaðar aðferðir til að styðja við slíkt samstarf svo að tryggja megi að nemendur fái heildstæða kennslu í tónfræðum og hljóðfæraleik.“ (Tónfræðinámskrá bls. 8-9).
  - *Jón Hrólfur Sigurjónsson*, tónfræðikennari, hélt erindi um efnið með praktísku uppleggi fyrir þátttakendur. Kallað var eftir ábendingum um kennara á svæðunum til að taka þátt í efnissmiðju með dæmum um nálgun sem reynst hefur vel í þessu sambandi.
- **Hvernig kennum við tónlistarnemendum að skapa sína eigin tónsmíð?** Tryggvi M. Baldvinsson, aðjúntur við tónlistardeild Listaháskóla Íslands, stýrði smiðju undir yfirskriftinni „Hvernig kennum við tónlistarnemendum að skapa sína eigin tónsmíð?“

## SVÆÐISÞING TÓNLISTARSKÓLA 2010

- **Hugvekja um fagmennsku.** Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands og formaður Skólamálaráðs KÍ, hélt erindi um fagmennsku, tengsl fagmennsku við starfsánægju og góðs starfsanda á vinnustöðum.
- **Nótan - uppskeruhátíð tónlistarskóla.** Hvernig tókst til 2010? Fyrirkomulag Nótunnar 2011.
- **Valdir kaflar úr eftirfarandi skýrslum teknir til umfjöllunar og brotnir til mergjar:**
  - Rannsókn menntamálaráðuneytisins/Anne Bamford  
„Úttekt á stöðu listfræðslu á Íslandi“  
„Áskoranir fyrir tónlistarfræðslu á Íslandi“
  - Könnun FT „Greining á kerfi tónlistarskóla á Íslandi“.  
Mismunandi skólalíkön voru skoðuð út frá þjónustu-, kostnaðar- og virknistuðlum, skiptingu í námsáfanga, kennslugreinum, aldri nemenda, markmiðum aðalnámskrár o.fl.
- **Staða tónlistarskóla í dag.** Staða tónlistarskóla var skoðuð og rædd út frá eftirfarandi vinklum: Niðurskurði (fjárframlög sveitarfélaga til tónlistarskóla árin 2008-2010), sameiningum skólaflokkanna (hver er sérstaða tónlistarskóla innan skólakerfisins sem fagstofnunar) og fagmennsku (mikilvægi starfsgleði og góðs starfsanda á krefjandi tímum).
- **Tillögur að meistaranámi í hljóðfæra- og söngkennslu.** Árið 2009 skipaði rektor Listaháskóla Íslands vinnuhóp til að gera tillögur um námsbraut á meistarastigi í hljóðfæra- og söngkennslu við skólann. Kynning á greinargerð og tillögum vinnuhópsins en hann skilaði af sér í janúar 2010.

## SVÆÐISÞING TÓNLISTARSKÓLA 2009

- **Niðurstöður úr könnun á starfsemi tónlistarskóla.** *Sigrún Grendal, formaður Félags tónlistarskólakennara, og Árni Sigurbjarnarson, varaformaður Félags tónlistarskólakennara,* kynntu frumniðurstöður könnunar á starfsemi tónlistarskóla á Íslandi. Könnunin var send til tónlistarskóla og er að hluta til endurtekning á könnun sem FT framkvæmdi í mars 2003. Könnunin var gerð í tengslum við heildarúttekt á listfræðslu á Íslandi sem menntamálaráðuneytið framkvæmdi á sama tíma.
- **Staða og framtíðarhlutverk Listaháskóla Íslands (LHÍ) gagnvart kennurum og stjórnendum tónlistarskóla.** *Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands, og Mist B. Þorkelsdóttir, forseti tónlistardeildar LHÍ,* skiptu með sér þátttöku á svæðisþingum tónlistarskóla og tóku til umræðu nokkra þætti í starfsemi Listaháskólans sem snerta tónlistarskólakennara og stjórnendur með beinum hætti.
  - Heildarstefna Listaháskólans um uppbyggingu tónlistarnáms við skólann.
  - Kennaranám við Listaháskólann og framtíðaráform um sérsniðið nám í hljóðfæra- og söngkennslu á bakkalárstigi og meistarástigi.
  - Starfshópur um uppbyggingu náms í hljóðfæra- og söngkennslu.
  - Endurmenntun tónlistarkennara: Möguleikar og þarfir.
- **Kynning á „Uppskeruhátíð tónlistarskóla“.** *Árni Sigurbjarnarson, formaður fagráðs tónlistarskóla í FT,* kynnti hugmynd að „Uppskeruhátíð tónlistarskóla“. Hugmyndin hafði verið í gerjun í nokkur ár og tóku formenn FT, FÍH og STS ákvörðun um að hrinda henni í framkvæmd.
- **Drög að frumvarpi til laga um tónlistarfræðslu.** Í menntamálaráðuneytinu voru samin drög að frumvarpi til laga um tónlistarfræðslu. Drögin grundvallast á tillögum nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 1. mars 2004 um endurskoðun á lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. *Sigrún Grendal, formaður Félags tónlistarskólakennara,* sem átti sæti í nefndinni, kynnti frumvarpsdrög ráðuneytisins ásamt athugasemdum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

## SVÆÐISÞING TÓNLISTARSKÓLA 2008

- **Kynning á fjórum skólum í Helsinki:** *Árni Sigurbjarnarson, skólastjóri,* sagði frá kynnisferð íslenskra tónlistarkennara haustið 2007 til Finnlands þar sem fjórir tónlistarskólar í Helsinki voru heimsóttir: Resonaari, Brages Musikkola, East Helsinki Music Institute og Helsinki Pop & Jazz Conservatory.
- **Kynning á námskrá fyrir rytmíska tónlist:** Fulltrúar í ritstjórn aðalnámskrár tónlistarskóla kynntu.
- **Umræður um greinanámskrár**
  - **Tölulegar upplýsingar um áfangapróf:** *Kristín Stefánsdóttir, formaður Prófanevndar tónlistarskóla,* kynnti upplýsingar frá Prófanevnd um fjölda áfangaprófa á ári eftir hljóðfærahópum.
  - **Hópumræður um greinanámskrár:** Spurningar frá menntamálaráðuneytinu og skipuleggjendum svæðisþinga lagðar til grundvallar í umræðunum.
- **Skapandi starf**
  - **Valþáttur í áfangaprófum:** *Kristín Stefánsdóttir formaður Prófanevndar tónlistarskóla* kynnti upplýsingar um framkvæmd valþátta á áfangaprófum.
  - **„Tónlistariðkun sem hugleiðing - Spuni sem rannsókn“.** *Úlfar Ingi Haraldsson, tónlistarmaður,* hélt erindi um skapandi starf.
  - **„Work shop“.** *Ástvaldur Traustason, skólustjóri Tónheima, og Úlfar Ingi Haraldsson, tónlistarmaður* stýrðu „work shop“ um skapandi starf með sérstaka áherslu á þjálfun valþátta í áfangaprófum.



## SVÆÐISÞING TÓNLISTARSKÓLA 2007

- **Tónlistarfræðsla í Minnesota:** Laufey Ólafsdóttir tónlistarfulltrúi hjá Menntasviði Reykjavíkurborgar sagði frá kynnisferð skólastjóra tónlistarskóla og grunnskóla í Reykjavík, stjórnsmálamanna og embættismanna, til Minnesota sl. vor. Laufey gerði m.a. grein fyrir farvegi tónlistarkennslu í Minnesota, tilgangi ferðarinnar og lærdómi sem draga mátti af henni.
- **Endurskoðun aðalnámskrár tónlistarskóla.** Hafsteinn Guðmundsson fagottleikari og fulltrúi í Prófánefnd tónlistarskóla og Guðni Franzson tónlistarmaður héldu framsöguerindi um þeirra skoðun og sýn á aðalnámskrá tónlistarskóla.
- **Miðpróf í tónfræðagreinum á vegum Prófánefndar tónlistarskóla.** Kristín Stefánsdóttir formaður Prófánefndar tónlistarskóla fór yfir fyrirkomulag og undirbúning að miðprófi tónfræðagreinum á vegum Prófánefndar tónlistarskóla.  
„Vegvísir fyrir listfræðslu“: Ágúst Einarsson rektor við Háskólann á Bifröst kynnti „Vegvísi fyrir listfræðslu“, niðurstöðu heimsráðstefnu um listfræðslu sem fram fór í Lissabon 6.-9. mars 2006. Vegvísirinn eða „Road Map for Arts Education“ er gefinn út af UNESCO og fjallar um þau tækifæri sem felast í listfræðslu til að mæta hugmyndum og kröfum um mikilvægi sköpunarkrafts og menningar á 21. öldinni.  
Guðni Olgeirsson, fulltrúi menntamálaráðherra, og Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri í Reykjavík, fluttu erindi um þeirra sýn á inntak Vegvísisins.

## SVÆÐISÞING TÓNLISTARSKÓLA 2006

- **Umræður um reynsluna af Prófánefnd tónlistarskóla:** Framsöguerindi fluttu Kristín Stefánsdóttir formaður og starfsmaður Prófánefndar og aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Kópavogs og Haraldur Árni Haraldsson skólastjóri Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.
- **Kynning á nýju samstarfsverkefni um kennara- og skólastjóraskipti á Norðurlöndum**
- **Þælingar um sveigjanleika og fjölbreytni í tónlistarkennslu**
  - *Kennsla yngri barna – Tónlistarkennsla/kennslufræði fullorðinna*
  - *Einstaklingskennsla – Hópkennsla – Einstaklingsmiðað nám?*Framsöguerindi fluttu Árni Sigurbjarnarson varaformaður Félags tónlistarskólakennara og skólastjóri Tónlistarskóla Húsavíkur og Jón Hrólfur Sigurjónsson tónlistarkennari og formaður skólamálanefndar Félags tónlistarskólakennara.
- **Þrjú skólar kynntu fyrirkomulag tónlistarkennslu á viðkomandi stað.**

## SVÆÐISÞING TÓNLISTARSKÓLA 2005

- **Kennaramenntun í tónlistardeild Listaháskóla Íslands – fyrirkomulag og innihald námsbrautar.** Kynning: Mist Barbara Þorkelsdóttir deildarforseti.  
**Námskrá í tónfræðagreinum.** Kynningar: Guðni Olgeirsson sérfræðingur í skóla- og símenntunardeild í menntamálaráðuneytinu og Kristín Stefánsdóttir fulltrúi í ritstjórn aðalnámskrár tónlistarskóla.
- **Drög að frumvarpi til nýrra laga um tónlistarskóla.** Kynning: Jón Vilberg Guðjónsson lögfræðingur í menntamálaráðuneytinu.
- **Málstofa „Hlutverk tónlistarskóla í samfélaginu – stefna hins opinbera“.** Frummælendur og þeir sem pallborðið skipuðu: Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, Björn Þráinn Þórðarson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar, Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs Reykjavíkur, Róbert A. Darling skólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga og Gunnsteinn Ólafsson tónlistarkennari í Reykjavík.
  - Útgangspunktur umræðna voru: *Hvers vegna rekur/styrkir sveitarfélagið tónlistarskóla? Hvert er hlutverk tónlistarskólans í samfélaginu? Hvernig samræmist það mennta- og menningarstefnu sveitarfélagsins?*

## SVÆÐISÞING TÓNLISTARSKÓLA 2004

- **Endurskoðun laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.** Kynning á undirbúningi nýrrar löggjafar – greinargerð FT: Sigrún Grendal formaður FT.
- **Reynslan af fyrstu áfangaprófum í tónlistarskólum**
  - Farið yfir framkvæmd prófanna, hvernig til tókst.

- Árangur úr prófunum og einkunnagjöf skoðuð.
- „Skapandi þáttur“ prófanna skoðaður sérstaklega.
- **Menningarlegur fjölbreytileiki – jákvæð gagnvirk menningaráhrif:** *Lance D'Souza stjórnandi World Music Center og aðstoðarskólalastjóri Århus Musikkole ásamt Cheikhou Diarra frá Senegal, tónlistarmanni og atvinnudansara, og Grisel Gonzales Brabo, tónlistarmaður og atvinnudansari frá Kúbu.*
- **Stefna í faglegum málum stéttarinnar**
  - Erlent samstarf og þróun.
  - Staða tónlistarkennaramenntunar á Norðurlöndunum, þ.m.t. á Íslandi (kynning á könnun FT).
- Til hvers sameiginleg fagstefna? Framsögur - umræðuhópar.
- Terje Adde varaformaður stærstu Samtaka tónlistarmanna í Noregi ávarpaði fundinn.

### SVÆÐISÞING TÓNLISTARSKÓLA 2003

- **Á Ísland sér sögu í tónlist?** Bjarki Sveinbjörnsson tónlistarfræðingur.
- **Þróun tónlistarfræðslu á Íslandi á 20. öld:** *Dr. Þórir Þórisson (samantekt unnin fyrir FT í tilefni 20 ára afmælisárs félagsins).*
- **Að læra að kenna: Hvernig hefur menntun tónlistarskólakennara nýst þeim í starfi?** *Dr. Þórir Þórisson kynnti niðurstöður rannsóknar.*
- **Tónlistarmenntun og félagsleg tengsl: Týndi hlekkurinn:** *Robert Faulkner skólalastjóri Tónlistarskóla Hafralækjarskóla.*
- **Niðurstöður úr könnun Félags tónlistarskólakennara á starfi tónlistarkennara og þjónustu og umfangi tónlistarskóla:** *Sigrún Grendal formaður FT.*
- **Aðalnámskrá – Áfangapróf:** *Kristín Stefánsdóttir formaður Prófanevndar tónlistarskóla og í ritstjórn aðalnámskrár tónlistarskóla og Robert Faulkner varaformaður Prófanevndar.*